



Hafnarverkamenn voru önnur kafnir við að háþrýstipvo nóta- og togveiðiskipið Hring SH-153 við höfnina á Slippnum í Reykjavík í gær. Skipið var smíðað í Skotlandi árið 1997.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ráðherra á ekki von á minnisblaði

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 „1. júlí var tekin meðvitund ákvörðun sem byggði á því að meta annars vegar sóttvarnir og hins vegar aðrar þarfir samfélagsins, og ég held að það hafi ekkert verið neitt annað í spilunum en að gera þetta,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, um tilslakanir á landamærum sem nú virðast hafa leitt af sér fjölgun kórónuveirusmita.

Kári segir að stórt hópsmit sé ólíklegt því svo hátt hlutfall þjóðarinnar sé fullbólusett. „Ég held að við eigum öll að vera tiltölulega varkár þangað til heimurinn hefur verið meira bólusettur en hann er í dag,“ segir hann þó.

Sóttvarnalæknir hefur sagst íhuga hertar aðgerðir en heilbrigðisráðherra segist aðspurð hvorki hafa fengið nýtt minnisblað frá honum né eiga von á því. **SJÁ SÍÐU 6**

Áhrif vinnustyttingar óljós

Stytting vinnuvikunnar hjá hinu opinbera hefur haft meiri áhrif á launavísitöluna en á almenna vinnumarkaðinum og áhrifin eiga eftir að brjótast fram enn frekar.

thg@frettabladid.is

VINNUMARKAÐUR „Það liggur fyrir að stytting vinnuvikunnar verður kostnaðarsamari hjá hinu opinbera en á almennum vinnumarkaði,“ segir Hannes G. Sigurðsson, ráðgjafi stjórnar og framkvæmdastjórnar Samtaka atvinnulífsins.

Stytting vinnuvikunnar á almennum vinnumarkaði og hjá hinu opinbera hefur hækkað launavísitölu Hagstofu Íslands um 1,36 prósent frá janúar 2020. Hækkun launavísitölu opinberra starfsmanna er meiri, eða um 1,67 prósent í samanburði við 1,22 prósentu hækkun launavísitölu almenna vinnumarkaðarins, vegna vinnutímastyttingarinnar. Áhrif vinnu-



Svanhildur Hólm Valsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

tímastyttingar hjá hinu opinbera eiga eftir að koma betur fram og munu þau líklega auka enn muninn milli opinbera og almenna markaðarins.

Þá hefur Hagstofan enn sem komið er einungis lagt bráðabirgðamat á áhrif styttingar vinnutíma vaktavinnufólks hjá hinu opinbera, sem tók gildi í maí. Bráðabirgðamatið er að styttingin hækki launavísitölu opinberra starfsmanna um 0,3 prósent en hækkunin verður líklega meiri þegar upp er staðið, að sögn Hannesar.

Svanhildur Hólm Valsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskipta-

ráðs Íslands, segir markmiðið með styttingu vinnuvikunnar göfugt en of snemmt sé að dæma um endanlegan árangur breytingarinnar.

„Við fyrstu sýn virðist þetta svokallaða mönnunargat sem nú er talað um, einfaldlega verða leyst með hærri launakostnaði, annaðhvort vegna hærri launa þeirra sem taka á sig vinnu sem nemur styttingunni, eða vegna þess að ráða þarf fleiri til að fylla upp í þær stundir sem vantar,“ segir Svanhildur.

Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra hefur gefið út að áætlaður kostnaður við styttingu á vinnuviku vaktavinnufólks hjá ríkinu sé um 4,2 milljarðar króna á ársgrundvelli.

„Ef útfærslan mun leiða til mun meiri kostnaðar fyrir ríkið heldur en að var stefnt, þá eru í sjálfu sér forsendurnar sjálfar brostnar og það mun kalla á einhvers konar breytingu þegar þar að kemur,“ sagði Bjarni Benediktsson á Alþingi í lok apríl. ■



Lára Jónasdóttir og Erna Sif Arnardóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

Leita að fólki til að sofa eina nótt

birnadrofn@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Nú er leitað að sjálfbodaliðum í rannsóknarverkefnið Svefnbyltinguna sem beinist að kæfisvefni.

Þátttakendur eiga að sofa eina nótt heima hjá sér með mælubúnað. Segir Lára Jónasdóttir, verkefnastjóri Svefnbyltingarinnar, leitina ganga nokkuð vel. Um er að ræða fjögurra ára rannsóknarverkefni sem leitt er af Ernu Sif Arnardóttur, lektor við HR. **SJÁ SÍÐU 4**

Dingding
Kíktu á Krónuhjólíð í sumar!

Nánar á kronan.is/kronuhjolid

KRÓNAN



Mikil hætta getur stafað af gosinu í Geldingadölum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lögreglan varar gossfara við hættu

gar@frettabladid.is

ELDGOS „Lifshættulegt er að stíga út á hraunið. Farið því aldrei út á hraunið,“ itrekar Lögreglan á Suðurnesjum í tilkynningu í gær.

„Gossvæðið er hættulegt og þá ekki síst vegna lélegra loftgæða. Lögregla getur án fyrirvara lokað fyrir alla umferð inn að gossstöðvunum,“ undirstrikar lögreglan og varar fólk við að fara með börn yngri en sjö ára að gossstöðvunum ef hætta er á gasmengun. „Ekki er ráðlegt að börn dvelji lengur en 15 mínútur á stað þar sem loftmengun er yfir heilsuverndarmörkum.“

Þá er meðal annars bent á svokallaða gönguleið C inn Nátthaga að hraunflæðinu. Það sé auðveld gönguleið sem taki eina klukkustund. „Frá Nátthaga má ganga áfram upp á Langahrygg og fá yfirsýn yfir gíg og gosvirkni síðustu mánaða,“ segir áfram. Það taki eina til tvær klukkustundir í viðbót. ■

Þeyttu bílflautur til stuðnings mótmælum á Kúbu



Kúbverjar óku um götur miðborgarinnar í Reykjavík í gærkvöldi og flautuðu til að vekja athygli á mótmælum sem verið hafa á eyjunni undanfarið. Þar hefur fólk krafist þess að Kommúnistaflokkurinn, sem farið hefur með völd þar í áratugi, láti af völdum og lýðræði verði komið á. Bandaríkjamenn settu viðskiptabann á Kúbu árið 1962 sem hefur leikið efnahag landsins grátt og vilja margir að því verði aflétt. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Íbúðakaup ÍLS hafi verið brot á lögum

thorgrimur@frettabladid.is

FASTEIGNIR „Þessar sögur eru allar ljótar sem fólkíð hefur verið að segja, því miður,“ segir Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Miðflokksins, um fund sem hann hélt á þriðjudaginn um eignir íbúðalánasjóds eftir hrun. „Þarna komu fram nokkrir af viðskiptavinum íbúðalánasjóds og sögðu hreinskilnislega frá því hvernig farið var með þau.“

Þorsteini telst svo til að tíu þúsund manns hafi misst heimili sín til íbúðalánasjóds eftir hrun. Hann telur að ákvæði stjórnslulaga um leiðbeiningu og meðalhóf hafi ekki verið virt við íbúðakaup sjóðsins.

„Margt bendir til þess að uppboðslög hafi verið brotin í mörgum tilfellum og ef svo er verður að finna einhvern sem ber ábyrgð,“ segir Þorsteinn. Sér finnst öfugsúið að fólk sem tapar nánast aleigunni horfi upp á að þeir sem hafi verið áberandi



Þorsteinn Sæmundsson á fundi um íbúðamissi á þriðjudaginn.

fyrir hrunið komi til baka og kaupir þessar eignir á hrakvirði.

„Mér finnst vanta upp á að við skoðum eftirköst hrunsins á sama hátt og við skoðuðum aðdragandann og hrunið sjálft,“ segir Þorsteinn. „Við Miðflokksmenn höfum kallað eftir því að gerð verði skýrsla um áhrif hrunsins á íslensk heimili en henni hefur ekki verið skilað enn þá.“ ■

Nánar á frettabladid.is

Klæddist treyju af Ara Frey Ítölum til lukku á Wembley

Einn af stuðningsmönnum Ítala á Wembley á úrslitaleik EM klæddist íslensku landsliðstreyjunni innan um blátt haf stuðningsmanna Ítalíu. Michele Cavicchi er frá bænum Pieve di Cento, sem heldur upp á Ara Frey Skúlasyn og er treyjan lukkugripur.

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI „Ég vildi klæðast þessari treyju á úrslitaleiknum þar sem í mínum heimabæ er orðið Skúlasyn tengt við tilfinninguna að gera eitthvað fallett eða ótrúlegt,“ segir Michele Cavicchi, Ítali sem klæddist íslenskri landsliðstreyju af Ara Frey Skúlasyni á úrslitaleik Evrópumótsins um helgina.

Kannski má segja að treyjan af Ara Frey hafi fært Ítölum lukku, þar sem lið þeirra varð Evrópumeistari í annað sinn í sögunni eftir sigur á Englendingum í vítaspyrnukeppni, 53 árum á eftir síðasta Evrópumeistararitli, eftir að Ítalir höfðu tapað tveimur úrslitaleikjum í röð.

Blái liturinn á íslensku treyjunni féll vel inn í hóp ítalskra stuðningsmanna á leiknum í blárrí treyju Ítalanna.

Í tengslum við Evrópumótið árið 2016 tók ítalski bærinn Pieve di Cento í úthverfi Bologna ástfóstri við íslenska landsliðsbakvörðinn Ara Frey. Sérstök hátíð honum til heiðurs var haldin á haustdögum árið 2016 og var skorad á bæjaryfirvöld að gera Ara að heiðursborgara í bænum.

Þá eru 3.500 manns í hóp á Facebook sem samtvinna Ara Frey og bæjarfélagið. Þar geta bæjarbúar nálgast reglulegar upplýsingar um afrek Ara innan knattspyrnuvallarins.

„Ég vildi mæta í þessari treyju á úrslitaleikinn á Wembley og klæddist henni stoltur. Ég átti ekki



Michele tók undir að kannski boðaði treyjan lukku þegar kæmi að andstæðingum enska landsliðsins á Evrópumóti karla. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Ég vildi mæta í þessari treyju á úrslitaleikinn á Wembley og klæddist henni stoltur.

Michele Cavicchi.

von á því að þetta myndi rata í fjölmiðla en það gleður mig að heyra að Íslendingar tóku eftir þessu,“ segir Michele léttur.

„Við skulum segja það, að þessi treyja sé lukkugripur,“ svarar Michele, spurður að því hvort treyjan væri orðin hálfgerð happatreyja að hætti hjátrúarfullra, enda átti Ari Frey frábæran dag síðast þegar Englendingar féllu úr leik á Evrópumóti, þá eftir tap gegn Íslendingum.

Sjálfur komst Ari Frey ekki á hátíðahöldin þegar hann var heiðraður eftir Evrópumótið 2016 með bæjarhátíð í ítalska bænum.

„Það eru fjölmargir í bænum mínum, Pieve di Cento sem eiga treyju af Ara og við studdum öll við bakið á Íslandi árið 2016 þegar Ísland keppti á Evrópumótinu í fyrsta sinn,“ segir Michele. ■

COSTA DEL SOL°

Best Benalmádena 4*
Hálft fæði

Flug og gisting og hálft fæði innifalið

16. - 27. júlí
verð frá **138.900 kr.**

á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn

Innifalið flug, gisting, fullt fæði, innritaður farangur og handfarangur

SUMAR FERDIR

www.sumarferdir.is | info@sumarferdir.is | 514 1400



Rafmagnaður leiðtogi

40 kWh Nissan LEAF
Verð frá: **4.490.000 kr.**

62 kWh Nissan LEAF
Verð frá: **5.090.000 kr.**

100% rafdrifinn Nissan LEAF er einn vinsælasti rafbíll landsins og einn sá mest seldi í heiminum. Nýr Nissan LEAF er nú fáanlegur með 62 kWh rafhlöðu sem dregur allt að 385 km. Komdu og reynsluaktu LEAF eða fáðu hann sendan heim til að prófa.

TILBÚINN TIL AFGREIÐSLU - TRYGGÐU ÞÉR EINTAKI!

www.nissan.is

 NISSAN
INTELLIGENT
MOBILITY

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



ESB kynnr nýja loftslagsáætlun

thorggrimur@frettabladid.is

LOFTSLAGSMÁL Evrópusambandið kynnti í gær áætlun til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda um rúman helming á næsta áratug. Meðal aðgerða er sérstakur mengunarskattur á erlend fyrirtæki.



Ursula von der Leyen.

Pakkinn ber nafnið „Fit for 55“, sem vísar til prósentanna sem sambandið vill skera niður í losun.

„Losun koltvísyrings verður að kosta sitt og kostnaðurinn verður að hvetja neytendur, framleiðendur og frumkvöðla til að velja hreinan tækjabúnað og grænar og sjálfbærar vörur,“ sagði Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar ESB. ■



Í Skagafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leikskólabarni ekið 40 kílómetra

gar@frettabladid.is

SKAGAFJÖRÐUR Veitt hefur verið undanþága í Skagafirði frá reglum um skólaakstur, svo barn eitt geti fengið far með bílnum í leikskólann.

Fram kemur í fundargerð byggðarráðs Skagafjarðar að barnið búi tæplega 40 kílómetra frá leikskólann. Rætt hafi verið við bæði skólabílstjóra og leikskólalastjóra og leyfi veitt til þess að barnið gæti farið með skólabílnum – sem eingöngu er ætlaður eldri börnum.

„Með hliðsjón af mikilvægi þess að barnið fái að ganga í leikskóla með jafnöldrum sínum sem og með hliðsjón af vegalengd á milli heimilis og skóla, samþykkir fræðslunefnd að gera undanþágu,“ vitnar byggðarráðið til bókunar fræðslunefndar. ■

Hægt að fá bólusetningu þótt komið sé sumarfrí

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Síðasti dagur bólusetninga fyrir sumarfrí var í gær, þegar um tvö þúsund manns fengu seinni skammt bóluefnis frá Moderna.

Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir að þeir sem telji sig þurfa á bólusetningu að halda meðan á sumarfrí stendur geti haft samband

í gegnum netspjall Heilsuveru og fengið bólusetningu.

„Mér sýnist við vera búin að metta markaðinn að mestu en við munum hafa þessa línu opna fyrir þá sem vilja bólusetningu,“ segir Ragnheiður. Bólusett verður í húsnaði Heilsugæslunnar á Sudurlandsbraut, í sama húsi og sýnataka hefur farið fram.

„Þar verður alltaf einn hjúkrunarfræðingur á vakt sem getur bjargað



Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

þeim sem þurfa, til dæmis námsmönnum sem búa erlendis eða fólki sem býr í löndum þar sem illa gengur að bólusetja,“ segir Ragnheiður. Bólusett verður með bóluefni frá Pfizer og Janssen.

Þeim sem hafa afþakkað bólusetningu eða hafa frestað því að fá seinni skammt bóluefnis, er einnig velkomið að hafa samband við Heilsugæsluna í gegnum netspjallið og bóka tíma í bólusetningu. ■

Leita að fólki til að sofa fyrir vísindin

Nú fer fram leit að þátttakendum í rannsóknarverkefnið Svefnbyltinguna. Markmið verkefnisins er að uppfæra rannsóknaraðferðir í kringum kæfisvefn. Verkefnið var nýlega styrkt um 2,5 milljarða.

birnadrofn@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Kæfisvefn, þar sem fólk hættir að anda reglulega yfir nóttina og hrýtur oft mikið þess á milli, svefnleysi og fótaóeirð í svefni, eru meðal helstu vandamála sem tengjast svefni.

Þetta er eitt rannsóknarefna Svefnbyltingarinnar, fjögurra ára rannsóknarverkefni, sem leitt er af Ernu Sif Arnardóttur, lektor við Háskólann í Reykjavík og forstöðumanns Svefnseturs.

Svefnbyltingin fékk tveggja og hálf milljarðs króna styrk úr Horizon 2020 rammaáætlun Evrópusambandsins fyrir rannsóknir og nýsköpun. Markmið verkefnisins er að nútímavæða og uppfæra rannsóknaraðferðir í kringum kæfisvefn.

„Staðreyndin er sú að sé fólk með kæfisvefn þá eru auknar líkur á ýmsum öðrum sjúkdómum, eins og hjartasjúkdómum og háþrýstingi ásamt oft mikilli dagsýfju,“ segir Erna.

Að sögn Ernu er mikilvægt að rannsaka svefngæði fólks og komast að því hvort hægt sé að bæta þau með einföldum lífsstílsbreytingum eða hvort þurfi að leita frekari þjónustu heilbrigðiskerfisins.

„Sé mikill hluti fólks vansvefta þá hefur það ekki bara áhrif á lífsgæði fólks heldur líka efnahagsleg áhrif, bæði á einstaklinga sem og á samfélagið,“ bætir hún við.

Lára Jónasdóttir er verkefnastjóri Svefnbyltingarinnar og segir hún verkefnið fara vel af stað.

„Í sumar erum við að safna svefnmælingum þar sem verið er að sann-



Lára Jónasdóttir, verkefnisstjóri Svefnbyltingarinnar, og Erna Sif Arnardóttir, lektor í HR. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR GEIRSSON



Sé mikill hluti fólks vansvefta þá hefur það ekki bara áhrif á lífsgæði fólks heldur líka efnahagsleg áhrif.

Erna Sif Arnardóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík og forstöðumaður Svefnseturs.

r

reyna nýja, einfaldari uppsetningu mælibúnaðar og gildi tveggja mismunandi snjallúra til að mæla svefn,“ segir Lára.

„Þessar mælingar munu svo vera nýttar í næstu skref Svefnbyltingarinnar þar sem eingöngu einfaldari mælibúnaður er notaður,“ bætir Lára við.

Nú stendur yfir leit að þátttakendum í rannsóknina og segir Lára leitina ganga nokkuð vel. „En við erum að vonast til að fá enn fleiri áhugasama til að taka þátt í sumar,“ tekur hún fram

Þátttaka felst í því að fólk sofi eina nótt heima hjá sér með svefnmælibúnað sem mælir öndun, heilarit, augnhreyfingar og fleira til að mæla svefnstíg, meðal annars magn djúpsvefns og draumsvefns.

„Við erum að leita að alls konar fólki, bæði einstaklingum sem sofa

vel og þeim sem hafa upplifað einhver vandamál tengd svefni, til dæmis þeim sem hefur verið sagt að þau hrjóti og hætti að anda í svefni eða eiga erfitt með svefn,“ segir Lára.

„Þeir sem gefa okkur tíma sinn með því að sofa með mælibúnað, fá svo að nokkrum vikum liðnum ítarlega greiningu á svefni sínum,“ bætir Lára við.

Aldrei fyrr hefur verið veittur jafn hárt styrkur til rannsóknar hér á landi. Erna segir niðurstöðurnar geta gagnast Íslendingum og vonandi einstaklingum um allan heim, til að mynda með betra aðgengi að svefnmælingum og bættri meðferð við svefnvandamálum.

„Og að vita betur hver þarf í raun á meðferð við slíkum vanda að halda og bæta meðferðarúrreði svo einstaklingar greinist fyrr en nú og fái viðeigandi aðstoð,“ segir Erna. ■

KYNNUM NÝJAN JEEP®

COMPASS

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

NÚ FÁANLEGUR Í TRAILHAWK ÚTFÆRSLU

- STÆRRI VÉL 240 HÖ
- 360° MYNDAVÉL
- LÁGT DRIF
- LEÐURSÆTI OG MÆLABORÐ
- SNERTILAUS OPNUN AFTURHLERA
- FJARLÆGÐARSTILLTUR HRADASTILLIR

VERÐ HLAÐINN AUKABÚNAÐI FRÁ

6.399.000 KR.*

*SVARTUR LIMITED. AÐRIR LITIR 6.562.000

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á JEEP.IS

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ A DRIFRAFHLOÐU

PLUG-IN HYBRID

NÝ HÖNNUN
NÝ INNRETTING
NÝ TÆKNI
NÝR ÖRYGGISBÚNAÐUR



NÁTTÚRULEGA GOTT GRILLSUMAR

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Langþráð sumar með samveru, gleði og góðum mat. Njótum daganna með því besta sem við eigum og grillum lambakjöt – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á islensklambakjot.is

Telur að bann á bensín- og dísilbíla bitni ekki á neytendum

urduryrr@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL „Þetta mun ekki bitna á neytendum í formi hærra vöruverðs,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, um nýjar tillögur Evrópusambandsins um bann við sölu nýrra dísil- og bensínbíla.

Um er að ræða eina af tillögum ESB til að berjast gegn hnattrænni hlýnun og ná markmiðum um kol-efnishlutleysi fyrir árið 2050.

Meðal tillagnanna er að þröngja útblástursleyfi bíla fyrir árið 2035

og þannig binda endi á sölu nýrra dísil- og bensínbíla.

Runólfur segir framleiðendur vera að ná betri árangri varðandi endingu og drægni rafmagnsbíla. Kostnaður við framleiðsluna nálgist óðum bíla með sprengihreyfla.

Að sögn Runólfs er þetta hluti af óhjákvæmilegri þróun. „Það virðist vera að markaðurinn sé allur að fara í þessa átt hvort er,“ segir hann.

Meðal annarra tillagna ESB er skattlagning á flugvélabensín og skattfrelsi til tíu ára fyrir annað eldsneyti með minna kolefnisfótspor.



Runólfur Ólafsson hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tillögurnar þurfa að fá samþykki frá öllum 27 meðlimum sambandsins og búist er við að samningaviðræður muni taka einhverja mánuði.

Einhverjir evrópskir bílaframleiðendur hafa tilkynnt að þeir muni skipta alfarið yfir í rafmagnsbílaframleiðslu áður en bannið tekur gildi, samkvæmt fréttastofunni Forbes.

Í áætlun ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum er stefnt að því að gera nýskráningu bensín- og dísilbíla óheimila hér á landi eftir árið 2030. ■

Ferðapjónustan hóflega bjartsýn

thorvaldur@frettabladid.is

FERÐAPJÓNUSTAN Íslandsstofa segir aukna bjartsýni meðal erlendra ferðaheildsala sem bjóða upp á ferðir til Íslands, samkvæmt nýrri könnun sem gerð var í júní. 31 prósent svarenda segja bókanir á ferðum til Íslands þegar byrjaðar að aukast og önnur 39 prósent telja að bókanir aukist í sumar eða haust.

Þá telja 58 prósent að bókanir á ferðum til Íslands verði sambærilegar árið 2022 og fyrir Covid-faraldurinn.

Sigríður Dögg Guðmundsdóttir, fagstjóri ferðapjónustu hjá Íslandsstofu, segir niðurstöður könnunarinnar gefa tilefni til bjartsýni, en þær beri þess þó merki að ferðapjónustan hér á landi muni glíma við afleiðingar faraldursins í nánustu framtíð.

Sigríður segir ljóst að samkeppni milli áfangastaða muni fara ört harðnandi þegar ferðavilji eykst og að ferðapjónustan muni þurfa að hafa fyrir hlutunum. „Við þurfum að vera raunsæ og stilla væntingum í hof,“ segir hún. ■



Heldur hefur sigið á ógæfuhliðina á Tenerife. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Dómstólar fella sóttvarnaaðgerðir

thorgrimur@frettabladid.is

SPÁNN Dómstóll á Kanaríeyjum neitaði í gær að heimila útgöngubann þar. Stjórnvöld eyjanna vildu útgöngubann frá hálféitt eftir miðnætti til sex að morgni á svæðum sem metin væru á þriðja og fjórða hættustigi á smíti af Covid-19. Heilbrigðisráðherra eyjanna, Blas Trujillo, sagði niðurstöðu dómstólsins gríðarlegt bakslag í baráttunni gegn kórónuveirunni. Forseti eyjanna, Ángel Víctor Torres, sagðist gáttaður yfir því að dómur sem þessi skuli falla sama dag og flest smit hafa greinst á Kanaríeyjum frá upphafi faraldursins.

Hæstiréttur Spánar sagði síðan í gær að ríkisstjórninni hafi verið óheimilt að setja útgöngubann í fyrria án þess að lýsa yfir neyðarástandi. Er bannið var sett var aðeins viðvörunarástand en samþykki neðri deildar þingsins hefði þurft til að lýsa yfir neyðarástandi.

Mikill fjöldi Íslendinga stefnir í fri til Spánar í sumar. ■

Strandveiðimönnum finnst blóðugt að vera stopp eftir örfáa daga í ágúst

Mikil misskipting hefur verið eftir landshlutum í strandveiði sumarsins. Strandveiðimenn binda vonir við auknar veiðiheimildir frá sjávarútvegsráðherra.

thorgrimur@frettabladid.is

STRANDVEIÐI „Bestu dagar sumarsins hafa verið að líða hver á fætur öðrum,“ segir Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátæigenda, um horfur í strandveiði í ár.

„Ef fram heldur sem horfir stefnir í það að veiðiheimildirnar í potti strandveiðimanna muni jafnvel klárast fyrir miðjan ágúst. Við bindum miklar vonir við að ráðherra bæti við heimildirnar. Hann hefur öll tók á því ef hann hefur áhuga á. Þá endist þetta kannski aðeins lengur, nær mánaðamótunum.“

Arthur segir strandveiðitímabilið hafa einkennst af meiri misskiptingu milli svæða en oft áður. Verulegur samdráttur hafi orðið í veiði á B-svæðinu svokallaða, sem nær frá Strandabyggð til Grýtu-bakkahrepps. Svæði A, sem nær frá Eyja- og Miklaholtshreppi til Súðavíkurhrepps, hélt hins vegar sínum hlut og ríflega það og á Norðurlandi gekk ágætlega.

Kristmundur Kristmundsson, strandveiðimaður á bátum Lunda, segir að veiðin hafi gengið sérlega vel í maí. Kristmundur veiðir norður á Ströndum og landar á Norðurfirði í Árneshreppi, en hann segir að mun verr hafi gengið fyrir Suðurströndum.

„Það eru búin að vera vond veður hjá þeim og svo virðist ekki hafa verið eins mikið af stórum þorski snemma í vor og var venjulega,“ segir Kristmundur.

Að sögn Kristmundar gekk veiðin á A-svæðinu það vel að landssambandið það veiðimenn að róa ekki



Strandveiðiútgerð er frá Norðurfirði, þar sem Kristmundur Kristmundsson landar sínum afla.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Arthur Bogason.



Kristmundur Kristmundsson.

til fiskjar á rauðum dögum í júní.

„Við fengum að róa þessa daga í fyrria en núna virðast þeir hræddir við að potturinn klárast snemma því ráðherra virðist ekki vilja bæta

neinu við þennan pott,“ segir Kristmundur, sem kveðst hafa á tilfinningunni að sjávarútvegrráðherra vinni eingöngu fyrir stórútgerðina.

„Þegar maður ræðir við einstaka

þingmenn segjast þeir allir styðja við strandveiðina. En það virðist ekki nóg, því að það hefur ansi lítið þokast áfram og okkur finnst það í sjálfu sér alveg galið að fá ekki að róa tólf daga í hverjum mánuði,“ segir Kristmundur. Mönnum finnst ansi blóðugt að vera stoppaðir eftir örfáa daga í ágúst.

„Það setur þetta svolítið niður að geta ekki gengið að tólf dögum vísum. Best væri auðvitað að fá alveg frjálsar handfæraveiðar. Það er ekki eins og þetta séu einhver tortímingartæki – þetta eru þínulitlir krókar úti í sjónum.“ ■

Tekin var meðvituð áhætta á landamærunum

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Að mati almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra er stada faraldursins hér á landi varhuga-verð og boðað er til fundar í dag.

Fimm Covid-19 smit greindust hér á landi í fyrradag. Öll voru smitin utan sóttkvíar og þrjár þeirra smitugu voru fullbólusettir. Hluta smitanna mátti rekja til skemmtanalífsins í borginni líkt og í upphafi þriðju bylgju faraldursins.

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, segir að tekin hafi verið áhætta er ákveðið var að hætta að skima bólusetta fyrir veirunni á landamærunum.

„Meðan við vorum að skima bólusetta þegar þeir komu inn í

landið voru 0,1 prósent af þeim smitaðir, það þýðir að ef þú færð inn í landið upp undir tíu þúsund bólusetta, þá myndir þú reikna með því að fá svona tíu manns bæði bólusetta og smitaða,“ segir Kári.

„1. júlí var tekin meðvituð ákvörðun sem byggði á því að meta annars vegar sóttvarnir og hins vegar aðrar þarfir samfélagsins, og ég held að það hafi ekkert verið neitt annað í spilunum en að gera þetta,“ segir Kári. Hann sé viss um að sóttvarnaryfirvöld séu á tánum varðandi skimanir á landamærunum og grípi til hertra aðgerða ef þurfi. Stórt hópsmit sé ólíklegt enda stór hluti þjóðarinnar fullbólusettur.

„Ég held að við eigum öll að vera tiltölulega varkár þangað til heim-



Það eru alls konar ástæður fyrir því að fara sjaldnar á barinn og þær hafa ekki allar með Covid-19 að gera.



Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar.

urinn hefur verið meira bólusettur en hann er í dag,“ segir Kári. Með bólusetningu minnki bæði líkur á að fólk smitist og á því að það verði mikið veikt ef það smitist.

„Það eru alls konar ástæður fyrir því að fara sjaldnar á barinn og þær hafa ekki allar með Covid-19 að gera, þetta er spurning um það hvernig maður hagar sér í stórum hópi í litlu plássi,“ svarar Kári, spurður hvort að með varkárni hann eigi til dæmis við færri ferðir á barinn eða örari handþvott.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir kvaðst í gær ihuga hertar aðgerðir. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra segist hvorki hafa fengið nýtt minnisblað frá sóttvarnalækni né eiga von á því. ■

Allt fyrir útileguna



Vango Nevis 100
Eins manns göngutjald. 1.7kg
22.995,-



Vango Tempest Pro 300
3 manna göngutjald. 3.3kg
50.995,-



Vango Mirage Pro 200
2 manna göngutjald. 3.0kg
48.995,-



Hilleberg Nallo 2GT
2 manna göngutjald. 2.9kg
185.995,-



Vango Winslow II 500
5 manna fjölskyldutjald
64.995,-



Vango Osiris 500
5 manna fjölskyldutjald
81.995,-



Vango Tay 300
3 manna fjölskyldutjald
20.995,-



Vango Alpha 250
2 manna fjölskyldutjald
22.995,-



Vango Malibu stóll
Burðargeta 120 kg
7.995,-



Vango Embrace Stóll
Bólstraður. Burðargeta 120 kg
15.995,-



Vango Inflatable Chair
Burðargeta 120kg
6.995,-



Vango Nitestar 350
Fíberpoki. Þægindamörk -1 til -7 °C
12.995,-



Outwell Katla Heater
Rafmagnshitari. 1/1.5 kW
11.995,-



Primus Loke
Gashitari
17.995,-



Outwell Appetizer 1 Burner
Gaseldavél. ein hella
8.495,-



Outwell Anatto Stove
Gaseldavél. Tvær hellur
24.995,-



Vango Comfort 5 single
5 cm tjaldþýna
13.995,-



Vango Comfort 7.5 single
7.5 cm tjaldþýna
15.995,-



Vango Pinnacle 32
Kælibox. 32 lítra
10.995,-



Vango Pinnacle 45
Kælibox. 45 lítra
20.995,-



Everest

Óljóst um endanleg áhrif af styttri vinnuviku



Þorsteinn Friðrik Halldórsson
thorsteinn
@frettabladid.is

Stytting vinnuvikunnar hjá hinu opinbera hefur haft meiri áhrif á launavísitöluna en á almenna vinnu- og áhrifin eiga eftir að brjótast fram enn frekar.

Stytting vinnuvikunnar á almennum vinnu- og áhrifin eiga eftir að brjótast fram enn frekar. Stytting vinnuvikunnar á almennum vinnu- og áhrifin eiga eftir að brjótast fram enn frekar. Stytting vinnuvikunnar á almennum vinnu- og áhrifin eiga eftir að brjótast fram enn frekar.

„Það liggur fyrir að stytting vinnuvikunnar verður kostnaðarsamari hjá hinu opinbera en á almennum vinnu- og áhrifin eiga eftir að brjótast fram enn frekar. Stytting vinnuvikunnar á almennum vinnu- og áhrifin eiga eftir að brjótast fram enn frekar.

Á almenna vinnu- og áhrifin eiga eftir að brjótast fram enn frekar. Stytting vinnuvikunnar á almennum vinnu- og áhrifin eiga eftir að brjótast fram enn frekar. Stytting vinnuvikunnar á almennum vinnu- og áhrifin eiga eftir að brjótast fram enn frekar.

„Bæði á almennum og opinberum vinnu- og áhrifin eiga eftir að brjótast fram enn frekar. Stytting vinnuvikunnar á almennum vinnu- og áhrifin eiga eftir að brjótast fram enn frekar.

„Í gögnum Hagstofunnar eru 65 mínúturnar teknar með í reikninginn en ekki þessar tæpu þrjár klukkustundir sem viðveran getur styst um vegna niðurfellingar formlegra kaffitíma.“ segir Hannes.

Þá hefur Hagstofan enn sem komið er einungis lagt bráðabirgðamat á áhrif styttingar vinnutíma vaktavinnufólks hjá hinu opinbera, sem tók gildi í maí. Bráðabirgðamatid er að styttingin hækki launavísitölu opinberra starfsmanna um 0,3 prósent en hækkingin verður líklega meiri þegar upp er staðið, að sögn Hannesar.



Mat Hagstofu á hækking launavísitölu vegna vinnutímastyttingar

	Alls	Almennur markaður, 70%	Opinber markaður, 30%
Janúar 2020	0,6%	0,86%	0%
Janúar 2021	0,4%	0%	1,3%
Aðra mánuði '19-'21	0,25%	0,36%	0%
Mái 2021	0,1%	0%	0,3%
Samtals	1,36%	1,22%	1,67%

Mat fyrir maí 2021 er bráðabirgðamat á áhrifum styttingar vinnutíma vaktavinnufólks hjá hinu opinbera.

Dagvinnutími óvilda styttri en hér

Lengi vel samræmdust mælingar vinnutíma hér ekki mælingum í öðrum löndum og með röng gögn að leiðarljósi töldu sumir að á Íslandi þekktist einhver lengsti vinnutími í Evrópu. Staðreyndin er hins vegar sú að umsamin dagvinnutími er óvilda styttri en hér á landi, eins og kom í ljós þegar gögnin höfðu verið leiðrétt til samræmis við önnur lönd. Meðal ársvinnutími er á pari við hin Norðurlöndin, samkvæmt gögnum frá OECD.

Þá er áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar vegna styttingar vinnuvikunnar á árinu 2021 samtals 520 milljónir króna.

Viðskiptaráð benti á það í umsógn um vinnustyttingarfrumvarpið fyrir tæpum þremur árum að grunnforsenda mikillar vinnutímastyttingar væri framleiðniáukning. Skynsamlega væri að auka framleiðni til að skapa hægt og bitandi svigrúm til styttri vinnutíma.

Svanhildur Hólm Valsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, segir markmiðið með styttingu vinnuvikunnar góft en of snemmt sé að dæma um endanlegan árangur breytingarinnar.

„Við fyrstu sýn virðist þetta svokallaða mönnunargat sem nú er

Áætlaður kostnaður við styttingu á vinnuviku vaktavinnufólks hjá ríkinu er um 4,2 milljarðar króna á ársgrundvelli.

Meðal ársvinnutími á Norðurlöndum 2019



Það liggur fyrir að stytting vinnuvikunnar verður kostnaðarsamari hjá hinu opinbera en á almennum vinnu- og áhrifin eiga eftir að brjótast fram enn frekar.



Hannes G. Sigurðsson, ráðgjafi stjórnar og framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

árangurinn af þessu. Það mun reyna á það í millitíðinni, hvernig allir þeir sem að málinu koma eru tilbúnir til að láta dæmið ganga upp. Því ef útfærslan mun leiða til mun meiri kostnaðar fyrir ríkið heldur en að var stefnt, þá eru í sjálfu sér forsendurnar sjálfar brostnar og það mun kalla á einhvers konar breytingu þegar þar að kemur.“ sagði Bjarni Benediktsson á Alþingi í lok apríl.

Vinnutímastyttingin getur leitt af sér allt að 780 stöðugilda mönnunargat hjá ríkinu. Stærsti hópurinn er á Landspítalanum, sem metur fjárför vegna styttingar vinnuviku í kringum tvo milljarða króna. Ráða þarf meira en 200 starfsmenn til þess að bregðast við breytingunum. ■



Niðurstaðan sem stendur, er því í mörgum, ef ekki flestum, tilfellingum hærri launakostnaður, sem ekki var gert ráð fyrir þegar þessar breytingar voru lagðar fram.

Svanhildur Hólm Valsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir á opticalstudio.is og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

Betri afkoma Íslenska gámafélagsins

thg@frettabladid.is

Rekstrarhagnaður Íslenska gámafélagsins jókst um 13 prósent á síðasta ári og nam rúmum 339 milljónum króna, samanborið við tæplega 300 milljónir á árinu 2019. Hagnaður eftir skatta meira en tvöfaldaðist og var 86,5 milljónir, samanborið við 35 milljónir 2019. Þetta kemur fram í ársreikningi félagsins fyrir síðasta ár.

Tekjur gámafélagsins jukust um 5,5 prósent milli ára og námu alls ríflega 5,3 milljörðum króna. Í skýrslu stjórnar vegna síðasta rekstrarárs kom fram að heimsfaraldurinn hefði umsvifalaust haft áhrif á reksturinn og því hafi verið gripid til þeirra opinberu úrræðna sem í boði voru, svo sem hlutabótleiðar og seinkunar greiðsla til hins opinbera.

Úrræði hins opinbera voru hins

vegar nýtt í aðeins tvo mánuði, segir einnig í skýrslunni. Þar segir einnig að hratt hafi tekist að snúa við blaðinu í maí og veltumet hafi verið sett í október síðastliðnum. „Með öflun nýrra verkefna og miklum dugnaði starfsmanna og sveigjanleika, þá tókst okkur að byggja upp enn sterkara og öflugra fyrirtæki,“ segir í umfjöllun stjórnar um síðasta rekstrarár.

Eigendur Íslenska gámafélagsins eru félögin Gufunes og Hvalur með 50 prósent hvort. Hvalur, sem Kristján Loftsson veitir forystu, keypti sig inn í rekstur Íslenska gámafélagsins í fyrra.

Í lok árs 2018 keypti félag í eigu stofnenda Íslenska gámafélagsins, Jóns Þóris og Ólafs, meirihluta hlutafjár í félaginu og dótturfélagi þess, Vélamiðstöðinni. Það söluferli hófst um sumarið þegar boðnir voru til sölu allir hlutir í félaginu í

5,5%

var veltuaukning gámafélagsins milli ára.

eigu eignarhaldsfélagsins Gufunes og framtakssjóðsins Auðar I. Fyrirtækjaráðgjöf Kviku hafði umsjón með söluferlinu. Niðurstaðan varð sú að stofnendurnir keyptu hluti framtakssjóðsins. Þeir seldu svo hluta sinnar eignar til Hvals síðasta sumar. ■

30%

AFSLÁTTUR

MEÐ VILDARKORTI LINDAR



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



DORMA



VÍDD



Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Flügger:** 30% afsláttur af allri innimálningu. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Parki:** 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. **Z brautir og gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Vídd:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmiðjan:** 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. **ATH!** Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Jón og Gunna eru ungt par sem keyptu sína fyrstu íbúð nýlega. Íbúðin þarfaðist viðhalds og þeim vantaði ný húsgögn, rúm og gardínur.

Þau máluðu íbúðina, skiptu um gólfefni, tóku baðherbergið í gegn og skiptu um blöndunartæki.

MEÐ VILDARKORTINU SPÖRUÐU ÞAU:

687.368 kr.

Jónína er kona á besta aldri keypti nýja íbúð. Þar vantaði öll ljós, parket og gardínur. Einnig keypti hún nýjan sófa í Húsgagnahöllinni þar sem gamli sófinn var of stór.

Hún keypti allt sem hana vantaði, viðarparket, fallegar gardínur og screen, borðstofuborð, stóla og sófa.

MEÐ VILDARKORTINU SPARAÐI HÚN:

458.978 kr.

Borgþór og Aníta eru hjón um fimmtugt. Þau keyptu gamalt einbýlishús sem þarfaðist yfirhalningar. Þau tóku húsið meira og minna í gegn, skiptu um öll gólfefni, endurnýjuðu tvö baðherbergi, spórtsluðu og máluðu allt húsið, settu granítborðplötur á eldhúsið og annað baðherbergið, skiptu út öllum gardínum og keyptu sér að lokum nýtt rafmagnsrúm í Betra bak.


MEÐ VILDARKORTINU SPÖRUÐU ÞAU:

1.442.500 kr.

LIND
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 · Kópavogi
s. 510 7900 · FASTLIND.is

Uppspretta ánægjulegra viðskipta



ÞEKKING OG REYNSLA · frittverdmat.is · nyjaribudir.is



Umhverfi Hveragils er af dýrari gerðinni. Í baksýn sést í Austurfjöll Kverkfjalla og hæsta tind þeirra, Skarphéðinstind (1.920 m).

MYND/TC

Upphитуð jökulá utan alfaraleiða



Tómas Guðbjartsson, hjartaskurð-læknir og náttúru-unnandi.



Ólafur Már Björnsson, augnlæknir og ljósmyndari.

Á Íslandi er víða að finna náttúrulegar sem frá örófi alda hafa verið nýttar til þvotta og baða. Yfirleitt er þær að finna á einhverju af 250 lághitasvæðum landsins sem flest eru á láglendi og hafa ávallt talist hin mesta búbót. Reykholtslaugar er getið í Landnámu en þar náði Snorri Sturluson að slaka á milli skrifa og í Reykjalaug á Ströndum á Grettir sterki að hafa skellt sér ískaldur eftir Drangeyjarsund og baðið orðið til þess að hann treysti sér til að njóta ásta síðar um kvöldið. Flestir nota þó náttúrulegar til að slaka á og ná úr sér þreytu, til dæmis eftir gönguferðir. Laugarnar í Landmannalaugum og á Hveravöllum eru vinsælar hjá göngufólki, en sömuleiðis Strútslaug að Fjallabaki og Stóragjá við Mývatn. Aðrar náttúrulegar eru enn afskekktari og því lítt þekktar. Eina slíka er að finna í Hveragili í Kverkfjöllum, skammt frá norðurbrún Vatnajökuls við vestanverðan Brúarárjökul. Nafn sitt dregur Hveragil af allt að 60 gráðu heitum uppsprettum sem leynast á nokkrum stöðum í botni jökulár, sem rennur eftir þröngu en tignarlegu gilinu. Þarna hefur jarðhitinn myndað fallegar kalkútfeillingar í ánni og á bökkum hennar sést fallegur gróður sem stingur í stúf við svarta auðnina í kring. Þessi afskekkt gróðurvin liggur í næstum 1.200 m hæð og á líf sitt að þakka jarðvarmanum, sem einnig gerir jökulána baðhæfa. Á það ekki síður við um vetrarboð, þegar leysingavatn er minna og áin því heitari.



Það er fyrirhafnarinnar virði að heimsækja Hveragil og kynna óspjallaðri auðn Kverkfjallarana.

Það er fyrirhafnarinnar virði að heimsækja Hveragil og kynna óspjallaðri auðn Kverkfjallarana. Frá Sigurðarskála er 15 km ganga vestur í Hveragil og liggur leiðin inn á milli eldfjalla og gilja, um dali og svarta sanda. Þarna er auðvelt að villast og því skynsamlegt að fá GPS-hnit gönguleiðarinnar hjá landvörðum. Þetta er löng ganga í anda Grettis sterka, en sprækt göngufólk getur bætt við Biskupsfelli (1.240 m) á heimleiðinni, sem er frábært útsýnisfjall. Þægilegri valkostur er að keyra áleiðis að Hveragili eftir torfærum slóða skammt sunnan Hvannalinda sem liggur inn að Brúarjökli og aðalupptökum Kreppu. Þaðan er stutt ganga að Hveragili með upphitaðri ánni og hægt að slaka á eins og Snorri Sturluson gerði forðum í Reykholti. ■



Það er engu líkt að baða sig í Hveragili í upphitaðri jökulá, óralangt frá mannabyggðum.

MYND/ÓMB




Hveragil er ekki aðeins náttúruleg heldur einnig gróðurvin í næstum 1.200 m hæð.

MYND/ÓMB

HÁGÆÐA ÚTIVISTARFATNAÐUR

Fyrir íslenskt veðurfar

FUTURELIGHT er ný vatnsheld öndunarfíla hönnuð af The North Face sem hentar einstaklega vel fyrir íslenskar aðstæður. FUTURELIGHT er byltingarkennd tækni sem heldur notandanum þurrum, ver hann fyrir náttúruöflunum og hleypir út líkamsraka.



ÚTILÍF

síðan 1974

KRINGLUNNI · SMÁRALIND

utilif.is

Könnunin



Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb @frettabladid.is

Stjórnmalámennt eiga ekki að láta skoðanakannanir koma sér úr jafnvægi. Í skoðanakönnunum felast hins vegar oft skilaboð sem eiga að vekja stjórnmalámennt til umhugsunar.

Nýleg skoðanakönnun sem sýnir að rúm sjötíu prósent kjósenda Vinstri grænna séu mótfallin áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarfi, er skoðanakönnun sem forysta Vinstri grænna getur ekki leitt hjá sér.

Innan Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er sterkur vilji til að halda núverandi ríkisstjórnarsamstarfi áfram og vilji forsætisráðherra og formanns Vinstri grænna, Katrínar Jakobsdóttur, virðist einnig hneigjast í þá átt. Nú hefur þessi nýja könnun sett strik í reikninginn.

Ætlar Katrín Jakobsdóttir að virða vilja stórs hluta kjósenda flokksins að vettugi? Það er ekkert ólíklegt að hún geri einmitt það. Í aðalatriðum hefur þetta ríkisstjórnarsamstarf verið farsælt. Ríkisstjórnin hefur ekki verið að skada þjóðina, eins og fyrri ríkisstjórnir hafa sumar gert. Það væri alls ekki örökrétt að halda ríkisstjórnarsamstarfinu áfram. En til þess þarf vitanlega umboð kjósenda.

Þegar Vinstri græn gengu til samstarfs við Sjálfstæðisflokk dundu yfir flokkinn hrakspár. Hann átti að stórtapa á samstarfinu. Hörnungspárnar hafa ekki gengið eftir. Þegar fylgi flokksins í skoðanakönnunum er skoðað þá má segja að Vinstri græn hafi sloppið þokkalega frá samstarfinu.

Vitanlega er ekki hægt að fullyrða hvernig flokkurinn muni koma út úr komandi kosningum. Ekkert bendir þó enn til þess að hann muni bíða afhróð. Sem er dálítið skrytið, því kjósendur hefðu átt að leggja á flótta frá flokknum um leið og samstarfsflokkarnir, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, drápu eins og ekkert væri hið göfuga og góða áherslumál Vinstri grænna: Stofnun hálandisþjóðgarðs.

Hin áleitna spurning er hvort kjósendur Vinstri grænna séu svo andsnúnir áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarfi að þeir geti hreinlega ekki hugsað sér að kjósa flokk Katrínar Jakobsdóttur af ötta við að samstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn verði haldið áfram. Eða muni þeir, þrátt fyrir óbeit sína á ríkisstjórnarsamstarfinu, kjósa sinn flokk, þótt með hangandi haus sé?


Stjórnmalámennt eiga ekki að taka of mikið mark á skoðanakönnunum, en þessi nýlega skoðanakönnun er óvenju óþægileg fyrir forystu Vinstri grænna. Hún er æpandi áminning um óróa innan flokksins og viðvörðunarbjóllur ættu nú að hljóma í eyrum Katrínar Jakobsdóttur.

Þetta er einnig skoðanakönnun sem flokkar innan stjórnarandstöðu munu gripa í eins og björgunarbát. Samfylkingin og Vindreisn þróa að komast í ríkisstjórn og munu í kosningabaráttunni veifa niðurstöðunni framan í Vinstri græn og þráspyrja Katrínunni Jakobsdóttur hvort hún ætli ekki að taka mark á vilja flokksmanna. Þegar kemur að Samfylkingunni mun þetta reyndar vera eins og að kasta steinum úr glerhúsi. Alkunna er að Samfylkingin hefur markvisst, og nánast af ofsa, verið að hrekja frá sér fólk sem líklegt væri til að kjósa flokkinn. Formaður Vinstri grænna er því ekki eini formaðurinn sem virðist tregur til að taka mark á kjósendum sínum. ■



Ætlar Katrín Jakobsdóttir að virða vilja stórs hluta kjósenda flokksins að vettugi?

Halldór



Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

Kappið og forsjáin

Stysta og skarpasta ræða sem skrifuð hefur verið á enska tungu er svohljóðandi: „I told you so“ og er víða flutt á samfélagsmiðlum eftir að innanlandssmitum tók að fjölga á ný. Enda ekki útilokað að rífandi gangurinn sem verið hefur í bólusetningum hafi þær varasömu aukaverkanir að fólk æði um, án þess að vera með fulla virkni, í algeru óttaleysi við síbreytilega veiruna og því ekki hægt að útiloka að landamærin hafi verið opnuð korteri áður en hjarðónæmi hefði mögulega náðst með fullri bólusetningu 80–90% fullorðinna.

Delta-tilbrigðið

Björn Ingi Hrafnsson, veirugreinin á Viljanum, gerði fréttir af fimm smitum utan sóttkvíar á einum sólarhring að umtalsefni á Facebook í gær. „Þórolfur Guðnason sóttvarnalæknir staðfestir við Viljann, að nýju smitum sem greinst hafi innanlands undanfarna daga séu að mestu af hinu indverska Delta-afbrigði sem talið er mun meira smitandi en önnur og hefur valdið snarfjögum tilfella víða um heim að undanfögnu,“ skrifði Björn Ingi, sem væntanlega mun hafa góðar gætur á Delta og því hvort það hafi hingað komið og fundið óþlægan stökkbreytingaakur. ■

Þau eiga betra skilið



Jóhann Páll Jóhannsson

Þingframbjóðandi Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Húsbúnaður úr sér genginn, mygluvandi og þrængsli, snjóar inn. Fólk þarf að deila herbergi með ókunnum, allt að sex saman með sturtu og salerni. Aðstaða til útiveru slæm og ekki hægt að hleypa fólki út úr húsi svo dögum skiptir.

Svona lýsa tveir geðlæknar, Halldóra Jónsdóttir og Lára Björgvinsdóttir, ástandinu á geðdeildum Landspítala í grein sem birtist í Fréttablaðinu á dögnum. Þær gagnrýna að stjórnvöld hafi ekki sett fram neinar áætlanir um endurnýjun á húsakosti geðheilbrigðisþjónustunnar og kalla eftir markvissum aðgerðum strax.

Þingflokkur Samfylkingarinnar lagði fram þingsályktunartillögu í fyrra um að hafist yrði handa við uppbyggingu sómasamlegs húsnæðis fyrir geðheilbrigðisþjónustu Landspítala. Markmiðið er að skapa heilnæmt og gott umhverfi fyrir fólk sem glímur við geðrænan vanda, í takti við nútímakröfur um mannúðlega þjónustu. Tillagan fékk jákvæðar undirtektir frá Læknafélagi Íslands, Landspítalanum og Geðhjálp en einu viðbrögðin úr ranni stjórnarmeirihlutans voru þau að kannski mætti bara skera geðheilbrigðisþjónustuna alveg frá Landspítala háskólasjúkrahúsi og fela einkaaðilum reksturinn. Þingmálið var svæft í nefnd.


Geðheilbrigðisþjónusta hefur mætt afgangi hjá síðustu ríkisstjórnnum. Geðlæknum hefur fækkað á þeim vettvangi sem veikustu sjúklingunum er sinnt og biðtími eftir þjónustu hefur lengst. Samkvæmt nýlegri skýrslu frá heilbrigðisráðuneytinu er meðalbiðtíminn hjá átröskunarteymi Landspítalans 45 vikur. Vel á annað hundrað börn eru á biðlista hjá göngudeild Barna- og unglingageðdeildar og meira en 700 manns bíða víðtals hjá ADHD-teymi spítalans.

Þetta er óásættanleg staða í velferðarþjóðfélagi og við verðum að gera betur. Það kallar á breytta forgangsröðun við landstjórnina. Í haust þarf að taka til starfa sterk, umbótasinnuð ríkisstjórn með pólitískan vilja til að störefla aðbúnað og umgjörð geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi og vinna gegn mönnunarvandamunum í heilbrigðiskerfinu. Það verður aðeins gert með samhentum átaki þvert á ráðuneyti og þar mega deilur um rekstrarform ekki þvælast fyrir nauðsynlegri uppbyggingu. Sjúklingar og heilbrigðisstarfsfólk eiga betra skilið. ■



Þetta er óásættanleg staða í velferðarþjóðfélagi og við verðum að gera betur.

ÞINN STUÐNINGUR ER OKKAR ENDURHÆFING



ljosisid.is

Ljósíð

Hræðsluáróður opnar ekki ný tækifæri

Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Oft er árangursríkara í pólitík að hræða fólk frá stefnu andstæðinganna en að fá það með rökum til að aðhyllast eigin málstað.

Í sjálfu sér er eðlilegt í rökræðu að draga fram neikvæðar hliðar á málflutningi andstæðinga. En eins og í mörgu öðru eru það öfgarnar, sem eru hættulegar.

Þær koma helst fram í því að menn fara með staðlausa stafi um andstæð málefni og eyða ekki tíma í að færa fram rök fyrir eigin máli.

Fjölþjóðasamvinna

Andstaðan við öll stór skref, sem Ísland hefur stigið í alþjóðasamvinnu, hefur verið brennd marki slíkra öfga í hræðsluáróðri: Innngangan í Atlantshafsbandalagið, aðildin að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, sem veitti okkur aðild að innri markaði Evrópusambandsins.

Andófið gegn því að þjóðin fái sjálf að ákveða hvort stíga eigi

lokaskrefið til fullrar aðildar að Evrópusambandinu, byggist fyrst og fremst á að skapa ötta við breytingar.

Þeir sem eru lengst til hægri beita nú sömu ráðum í þessari umræðu og þeir sem voru lengst til vinstri og snerust öndverðir gegn aðildinni að Atlantshafsbandalaginu á sínum tíma.

Fullveldið

Fullveldið glatast. Þetta var og er algengasta staðhæfing.

Reynslan af aðildinni að Atlantshafsbandalaginu sýnir hins vegar að hún hefur styrkt pólitískt fullveldi landsins.

Reynslan af þátttöku í Fríverslunarsamtökum Evrópu og síðar aðildinni að innri markaði Evrópusambandsins, sem nú er kjarni Evrópusamstarfsins, hefur með ótvíræðum hætti eflað efnahagslegt sjálfstæði landsins og um leið fullveldi þess.

Hvers vegna ætti lokaskrefið, sem er minna en aðildin að innri markaðnum, að leiða til fullveldisglötunar? Enginn hefur sýnt fram á það með rökum.

Enginn þeirra sem halda því fram að Ísland myndi tapa fullveldinu með fullri aðild, treystir sér til að halda því fram að Danmörk, Svíþjóð og Finnland séu ekki fullvalda ríki.

Erlendu fiskiskipin

Þá er fullyrft að með fullri aðild

fullist Íslandsmið af erlendum fiskiskipum. Það er röng fullyrðing.

Raunveruleikinn er sá að sameiginleg fiskveiðistefna Evrópusambandsins byggir á reglu um svonefndan hlutfallslegan stöðugleika. Það þýðir að engin þjóð fær rétt til veida nema unnt sé að sýna fram á veiðireynslu á næstliðnum áratugum.

Engin þjóð hefur slíka veiðireynslu. Íslandsmið verða því áfram aðeins fyrir íslensk fiskiskip. Og sérhver aðildarþjóð setur sínar eigin stjórnunarreglur. Ekki þarf því að breyta fiskveiðilöggjöfinni vegna aðildar.

Hrun landbúnaðarins

Því er haldið fram að landbúnaður og atvinna í sveitum hverfi með fullri aðild. Rétt er að full aðild yrði trúlega mest krefjandi fyrir landbúnaðinn.

En getur íslenskur landbúnaður komist hjá krefjandi aðlögun að nýjum aðstæðum?

Umræðuskjalið um nýja landbúnaðarstefnu, sem landbúnaðarráðherra kynnti á dögunum, sýnir að róttækar breytingar eru óumflýjanlegar hvort heldur Ísland fengi fulla aðild eða ekki. Aukin alþjóðleg samvinna er reyndar eitt af nýmælunum í því skjali.

Færa má gild rök fyrir því að aðlögun sveitanna að nýjum aðstæðum og kröfum yrði léttari

innan sambandsins en utan. Ástæðan er fyrst og fremst mjög öflugt stuðningskerfi við breytingar af því tagi, bæði byggðabróun og nýsköpun atvinnuhátta.

Óttinn og vannýttu tækifærin

Til þess að Ísland geti vaxið út úr kreppunni þarf fyrst og fremst stöðugan gjaldmiðil. Opna þarf fleiri tækifæri á erlendum mörkuðum fyrir unnar sjávarafurðir og nýsköpun í þekkingariðnaði. Viðspyrna ferðaþjónustunnar er líka fölginn í þessu.

Við höfum alltaf stigið ný skref í fjölþjóðasamvinnu þegar verkefnið hefur verið að vaxa út úr efnahagslegum kreppum eða lægðum.

Ein mesta hættan, sem við stöndum andspænis, er sú að hræðsluáróður, byggður á fölskum forsendum, komi í veg fyrir að við getum nýtt vaxtarmöguleikana eins og best verður á kosið.

Utanríkisráðherra lét vinna faglega skýrslu um ávinninginn af aðildinni að innri markaði Evrópusambandsins síðasta aldarfjórðung.

Breytt ríkisstjórn gæti horft fram á við og látið vinna heildstætt mat á ríkari möguleikum Íslands í fjölþjóðasamstarfi nýs tíma.

Þannig má leysa hræðslupólitíkina af hólmi og opna málefnalega umræðu um ný tækifæri til verðmætasköpunar og aukins athafnafrælsis. ■



Ein mesta hættan, sem við stöndum andspænis, er sú að hræðsluáróður byggður á fölskum forsendum komi í veg fyrir að við getum nýtt vaxtarmöguleikana eins og best verður á kosið.

Góðverk Haraldar ætti að vera óþarft



Þórhildur Sunna Ævarsdóttir

frambjóðandi Pirata í Suðvesturkjördæmi.



Indriði Ingi Stefánsson

frambjóðandi Pirata í Suðvesturkjördæmi.

Frumkvöðullinn Haraldur Þorleifsson hefur réttilega verið ausinn lofi fyrir yfirlýsingu sína á þriðjudagskvöld. Þar sagðist Haraldur ætla að greiða lögfræðikostnað allra þeirra sem kærð eru í margumræddu meiyrdamáli Ingólfs Þórarinssonar, sem landsmenn hafa ekki farið varhluta af.

Góðverk Haraldar segir okkur margt um íslenskt samfélag. Að það teljist yfir höfuð forsíðufréttæfni á Íslandi að ríkur maður vilji styðja við bakið á fólki, er þannig afhjúpanði í sjálfu sér. Að sama skapi er það óþolandi að konur þurfi að leita réttlætisins í kynferðisbrotamálum utan dómstólanna – en eru síðan dregnar fyrir þessa sömu dómstóla vegna ásakana um ærumeiðingar, með tilheyrandi kostnaði og álagi.

Við ættum ekki að þurfa að fagna, en fögnum samt góðverki Haraldar. Góðverkið ætti einfaldlega að vera óþarft. Einstaklingur ætti að geta varið rétt sinn án þess að kostnaður eða flækjustig sé veruleg hindrun. Það ætti ekki aðeins að vera á færi hinna vel stæðu að

fá réttlætinu fullnægt og það á ekki að þurfa góðverk eða hóp-fjármögnun til að taka til varna. Þess vegna hafa Píratar samþykkt stefnu sem einfaldlega ber heitið: „Stefna um aukna möguleika fólks til að leita réttar síns.“ Stefnan er í tíu liðum og miðar að því að auka aðgengi fólks að réttarkerfinu, óháð efnahag. Er þar meðal annars kveðið á um stofnun smákröfudómstóls, breytingar í forsjármálum, að auka möguleika fólks á að geta staðið sameiginlega að mál-sókn og fá ráðgjöf um réttindi sín, stór sem smá.

Í stefnunni segir einnig að nauðsynlegt sé að auðvelda fólki að fá gjafsókn í meiyrdamálum. Tjån-ingarfrelsi þess sem ekki getur varið sig í meiyrdamáli vegna fjár-skorts er verulega skert – og Píratar standa vörð um rétt fólks til að tjá sig. Þá þarf að stytta málsmeðferðartíma í meiyrdamálum, enda eru þau í eðli sínu ekki flókin. Því er fullt tilefni til að kanna hvort meiyrdamál eigi ekki fremur heima hjá kerunefnd en fyrir dómstólum.

Í stefnunni er líka komið inn á nauðsyn þess að mál þolenda séu tekin fyrir. Oftar en ekki eru mál aldrei tekin til rannsóknar og því hafa þolendur ekki möguleika á að tala um sína upplifun eða lífs-reynslu án þess að eiga á hættu ákæru fyrir meiyrdæði. Meiyrdæðákæru eiga mun greiðari leið og þolendur oft í veikri stöðu til að verja sig. Fyrir vikið getur reynst erfitt að skila skómminni.

Um leið og við hrósum Haraldar fyrir framtakið ættum við jafnframt að nýta tækifærið til að líta gagnrýnum augum á kerfin okkar. Getum við gert hlutina betur og auðveldað fólki að leita réttar síns, eða viljum við frekar biða eftir næsta góðverki? ■



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

NÁMSKEIÐ Í TÆKNILÆSI

Viltu efla þig í notkun spjaldtölvu?

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar býður upp á þriggja daga byrjendanámskeið á spjaldtölvur.

Í opnum tímum er aðstoðað við uppsetningu og notkun á eigin snjalltækjum.

Þátttaka er ókeypis og spjaldtölvur eru á staðnum. Skráning fer fram á félagsmiðstöðvum velferðarsviðs.

Námskeiðin verða haldin á eftirfarandi stöðum:

19.-23. júlí	26.-30. júlí	3.-6. ágúst	9.-13. ágúst
Hæðargarður 3 I sími 411 2790	Langahlíð 3 sími 411 2550	Gerðuberg 3-5 sími 411 2424	Hjallasel 55 (Seljahlíð) sími 540 2400
Mánud., þriðjud., miðvikud. Apple kl. 9.00 - 12.00 Android kl. 13.00 - 16.00 Opnir tímar: Fimmtud. kl. 8.00 - 16.00 Föstud. kl. 8.00 - 12.00	Mánud., þriðjud., fimmtud. Android kl. 9.00 - 12.00 Apple kl. 13.00 - 16.00 Opnir tímar: Miðvikud. kl. 8.00 - 16.00 Föstud. kl. 8.00 - 12.00	Þriðjud., miðvikud., fimmtud. Apple kl. 9.00 - 12.00 kl. 13.00 - 16.00 Android kl. 9.00 - 12.00 kl. 13.00 - 16.00 Opnir tímar: Föstud. kl. 8.00 - 12.00	Mánud., þriðjud., fimmtud. Android kl. 9.00 - 12.00 Apple kl. 13.00 - 16.00 Opnir tímar: Miðvikud. kl. 9.00 - 16.00 Föstud. kl. 9.00 - 12.00
Spöngin 43 (Borgir) sími 517 7056	Lindargata 59 sími 411 9450		Árskógar sími 411 2600
Mánud., þriðjud., miðvikud. Android kl. 9.00 - 12.00 Apple kl. 13.00 - 16.00 Opnir tímar: Fimmtud. kl. 8.00 - 14.00 Föstud. kl. 8.00 - 12.00	Mánud., þriðjud., fimmtud. Apple kl. 9.00 - 12.00 Android kl. 13.00 - 16.00 Opnir tímar: Miðvikud. kl. 8.00 - 16.00 Föstud. kl. 8.00 - 12.00		Mánud., miðvikud., fimmtud. Apple kl. 9.00 - 12.00 Android kl. 13.00 - 16.00 Opnir tímar: Þriðjud. kl. 9.00 - 16.00 Föstud. kl. 9.00 - 12.00

Enginn strætó í vistþorpi




Jörunn Pála Jónasdóttir borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Næsta strætóstoppistöð frá nýju hverfi í Gufunesi í Reykjavík er í um 30 mínútna göngufjarlægð frá hverfinu. Almenn séð er það skellur að þurfa að reima á sig gönguskó til þess að komast í almennings-samgöngur í höfuðborg, en sérstaklega á þeim stað sem um ræðir. Hverfið var kynnt sem vistþorp þar sem hægt væri að sleppa því að eiga bifreið. Íbúðunum fylgir þannig til dæmis ekki bílastæði og deilli-bifreiðar áttu að vera á svæðinu. Íbúðirnar eru enn fremur hugsadar fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur.

Vel getur verið að til standi að strætóleiðir tengist svæðinu með tíð og tíma, en þegar hverfi eru sérstaklega kynnt með þessum hætti þarf að tryggja efndir frá fyrsta degi.

Nú er búið að afhenda lykla og enginn strætó kemur á svæðið, en líf þeirra sem eru fluttir inn stoppar ekki. Einhvern veginn þarf fólkið að geta verið frjálst ferða sinna og komist á milli staða, til vinnu, skóla og svo framvegis.

Setja má spurningarmerki við fleiri atriði í tengslum við möguleika á billausum lífsstíl í hverfinu og það er fjarlægð frá annarri nærþjónustu. Í umræðum um fyrirætlanirnar í borgarstjórn spurði undirrituð fulltrúa borgarstjóra til dæmis um það hvernig hann sæi fyrir sér að börn kæmst í skólann,



en næstu grunnskólar eru í um 2 km göngufjarlægð og liggur leiðin meðal annars um óbyggt svæði, það er úr Gufunesi og yfir í grunnskóla í Grafarvogi. Svarið var á þá leið að skólarútur myndu aka til og frá þorpinu. Önnur spurning er leikskólafyrirkomulag, en án leik-

skóla í göngufjarlægð verður bílleysið afar krefjandi.

Í öðrum nýlegum hverfum hafa íbúar þurft að bíða í ár eða áratugi eftir nærþjónustu. Áhugafólki um skipulag er strokið öfugt þegar borginni tekst hér að skapa slík vandamál á nýjum stað og fjölga

íbúum sem sífellt eru að bíða eftir að glærurnar lifni við. Ólíklegt er að margir óski sér borgaryfirvöld sem selji fyrstu kaupendum og ungu fólki íbúðir með loforðum um bílleysi og umhverfisvænan lífsstíl sem síðan eru ekki efnd með sómasamlegum hætti. ■

Setja má spurningarmerki við fleiri atriði í tengslum við möguleika á billausum lífsstíl í hverfinu og það er fjarlægð frá annarri nærþjónustu.



Ónauðsynleg nef?



Birgir Guðjónsson sérfræðingur í lyflæknisfræði og meltingarsjúkdómum.

Handlæknastöðin, Landlæknir og forstjóri Sjúkratrygginga hafa keppt við að taka Hannes Hjartarson af „atvinnulífi“ án tillits til viðurkennds, merks, sérhæfðs ferils. Málarekstur er að mörgu leyti furðulegur. Tönnlast er á því að óháðir sérfræðingar hafi sagt að margar aðgerðir hans á nefi og ennisholum hafi verið ónauðsynlegar og gamaldags. Gagnrýnt er að hann hafi jafnvel meðhöndlað tveggja ára barn!

Sjúklingar leita til læknis vegna einhverra einkenna að eigin frumkvæði eða tilvisun læknis og snerta svona á mæli þá því líka sem og fyrri sjúklinga Hannesar. Margar úrlausnir læknis geta verið umdeilanlegar en þriðji aðili getur ekki ótvírætt úrskurðað um „ónauðsynlega“ aðgerð án samráðs við sjúklinginn. Leitun til ákveðinna lækna fer meðal annars eftir orðspori. Kvartað er um að hann hafi gert allt að fimm-tíu sinnum fleiri aðgerðir en aðrir.

Á 44 ára starfsferli mínum í Læknastöðinni hef ég ósjaldan

greint ákveðinn sjúkdóm sem krefst sérhæfðrar skurðaðgerðar sem getur verið flókin. Af þeim sem ég hef leitað til hefur Hannes verið öllum snjallari að leysa þetta og sýnt dómgreind og snilli. Hann á traust mitt.

Meðan á skrifum þessa pistils stóð þurfti ég sem oftast að leita þjónustu ákveðinnar stofnunar. Þetta umræðuefni barst að sjálfsgöðu í tal. Þrjár starfsmenn þessarar stofnunar og tveir makar annarra höfðu fengið úrlausn sinna meina hjá Hannesi og voru ánægðir og þakklátir.

Væri ekki rétt að kanna hvort þetta hefði verið nauðsynlegt?

Væri ekki rétt að kanna hvort þetta hefði verið nauðsynlegt?

Bókhaldsmeistari heilbrigðis kerfisins hefur farið mikinn í þessu máli og ásakað Hannes um ónauðsynlegar aðgerðir. Er nef ekki nauðsynleg? Á ekki að meðhöndla tveggja ára börn?

Það verður fróðlegt að sjá bréf Handlæknastöðvarinnar til sjúklinga Hannesar til að biðja þá afsökunar á að hafa fengið úrlausn meina sinna hjá honum. ■

Plastlaus júlí



Úrsúla Jünemann kennari á eftirlaunum.

Umræðurnar um skaðleg áhrif plasts á umhverfið og lífríkið fara vaxandi og menn eru sífellt meðvitaðri um þessi mál. Nú stendur yfir átakið um „plastlausan júlí“. Þá kannski átta margir sig á því að plastefnin eru úti um allt í daglegu lífi okkar. Plast er þægilegt í notkun og ódýrt í framleiðslu. En annað ber við þegar þarf að farga því sem við notum ekki lengur. Plastefnin eyðast ekki, eða á mjög löngum tíma, og enda yfirleitt sem míkroplastefni í náttúrunni og þar með í líkama dýra og manna.

En hvað skal gera? Stóra lausnin á þessu er ekki til og margir þættir þurfa að spila saman.

Byrjum á framleiðslu plasts. Ógrynni af mismunandi plastefnum eru til. Sumt gengur vel að endurvinna en annað ekki. Þetta er algjör frumskógur fyrir venjulegan neytanda. Leggja verður ábyrgð á framleiðendur að hætta að búa til óendurvinnanlegar vörur. Spurning er um að setja hertar reglur um þetta.

Endurvinnsla á plasti hér á landi er rétt á byrjunarstigi. Í Hveragerði er fyrirtæki sem endurvinnur heyrullplast og sagt er að þetta gangi vel og afurðir úr þessu nýtist vel í að búa til nýja hluti. En mest sem fellur til af flokkuðu plasti á Íslandi er sent úr landi. Talað er um að allt að 70% af þessu sé óendurvinnanlegt og það talar sinu máli. Á Íslandi er starfandi úrvinnslusjóður. Það hljómar í fyrstu vel. Þar starfa fjórir fulltrúar en þrjár af þeim eru skipaðir af fyrirtækjum, þar af einn úr sjávarútvegi. Ef atvinnulífið og einkafyrirtækin ráða úrvinnslusjóðnum má búast við því að hagnaður standi ofar umhverfismálum eins og á mörgum öðrum sviðum.

Flestir íbúar landsins vilja vel endurvinnsluferfið er allt of flókið. Sem dæmi má nefna höfuðborgarsvæðið. Reglurnar eru misjafnar eftir bæjarfélögum. Þar keppast fleiri fyrirtæki um ruslið og hvert með sínar reglur um flokkun. Þar er glögglega hægt að sjá að úrgangur er verðmæti. Auðvitað þarf að samræma flokkunarkerfið þannig að

íbúar átta sig á hvað skuli gera.

En snúum okkur að neytendum sjálfum. Hvað getum við gert fyrir utan að reyna að bróltast um þennan frumskóg sem flokkun og skil á rusli er orðinn? Jú, við getum gert heilmargt áður en svona mikið af úrgangi (meira eða minna endurvinnanlegt) hrúgast upp:

1. **Endurhugsa.** Lífið okkar snýst ekki bara um það að neyta og kaupa meira af dóti sem veitir mannum einungis ánægju í stuttan tíma. Það eru til önnur og betri verðmæti í lífinu.
2. **Afbakka.** Kannski ættum við ekki að stökkva á öll gylltilboð um vörur sem auglýsingar telja okkur trú um að við getum ekki verið án.
3. **Einfalda.** Við gætum einfaldað lífsstílinn okkar og einfaldlega keypt minna.
4. **Endurnýta.** Það sem við eigum ætti að endast betur og við gætum endurnýtt, gert við eða deilt með öðrum. Maður þarf ekki alltaf að eiga það nýjasta og flottasta.
5. **Endurvinna.** Svo er það sem er ekki hægt að nota lengur. Og það verður að komast í viðeigandi flokkun í endurvinnslu. Gott dæmi um góða nýtingu eru gosumbúðir sem skila sér í endurvinnslu um og yfir 90%. En þar skiptir skilagjaldið aðalmáli.

Peningar skipta svo miklu máli í atvinnulífinu, þannig að þeir sem menga eða búa til mengandi efni eiga að borga fyrir þetta.

Í sambandi við plastið og notkun þess getur hver og einn reynt að sniðganga vörur í miklum plastumbúðum. Einnnota drykkjarföng, diskar, hnífapör o.fl. eru með öllu óþarfi og ættu að heyrna sögunni til. Tökum okkur á, förum úr þægindagírnum og reynum að breyta lífsmunstrinu okkar þannig að við getum fagnað plastminni tilveru.

Að vera plastlaus er auðvitað útópía, fólk upp til hópa er nefnilega vanafast. En hægt og sigandi getum við komið á breytingum til hins betra, ég trúi ekki öðru. ■

Að vera plastlaus er auðvitað útópía, fólk upp til hópa er nefnilega vanafast. En hægt og sigandi getum við komið á breytingum til hins betra, ég trúi ekki öðru.

Nú á að gyrða sig í brók enda kosningar á næsta leiti



Kolbrún Baldursdóttir

oddviti Flokks fólksins í borgarstjórn Reykjavíkur

Nú á miðju sumri hef ég verið að líta um öxl, horfa yfir þau þrjú ár sem liðin eru af þessu kjörtímabili í borginni. Eftir tæpt ár verða borgarstjórnarkosningar. Fram undan er krefjandi vetur og reikna má með að fljótlega muni borgarstjórn ein-kennast af kosningatitringi. Það var mögnuð upplifun að verða kosin sem fulltrúi Flokks fólksins í borgarstjórn, enda þótt kannanir gæfu ídulega ekki tilefni til bjartsýni. Ég einsetti mér að berjast ótullega að málefnum Flokks fólksins. Flokkur fólksins berst gegn fátækt og misrétti og við berjumst fyrir bættum kjörum og aðstæðum þeirra verst settu. Mörgum eldri borgurum og öryrkjum liður illa í ríku samfélagi okkar. Enginn ætti að þurfa að hafa áhyggjur af grunnþörfum. Hópur hinna lakast settu er oft falinn. Margar barnafjölskyldur berjast í bökkum og því miður virðist vera allnokkur hópur sem glímir við vanlíðan sem má í sumum tilfellum rekja til námstengdra og/eða sál-félagslegra vandamála.

Foreldrar sem eru aðþrengdir fjárhagslega þurfa að forgangsraða ef endar ná ekki saman og þá koma grunnþarfir fyrst. Börn fátækra foreldra sitja ekki við sama borð og börn efnameiri foreldra. Í mörgum tilfellum fer stærsti hluti launa lág-launafólks í húsaleigu, allt að 80%. Það er ómögulegt að ná endum saman þegar 20% launa þurfa að duga fyrir öllu öðru. Mikill skortur er á hagkvæmu húsnæði og er leigu-verð íþyngjandi.



Flokkur fólksins vill að öllu fólki liði vel í borginni og á landinu öllu. Við höfum efni á því.

innan skólanna, eins og fulltrúi Flokks fólksins hefði viljað sjá og hefur itrekað lagt til.

Allt kjörtímabilið hefur ekkert gerst í þessum málum. Á meðan börnin hafa beðið hefur hins vegar ekki flækst fyrir meirihluta borgarstjórnar að ákveða að ráðstafa 10 milljörðum í stafræna breytingu. Fyrir brot af þessum tíu milljörðum mætti gera mikið fyrir börnin í borginni og aðra viðkvæma hópa. Því er ekki mótmælt að taka þarf til

í stafrænum veruleika borgarinnar. En meðhöndla þarf fjármuni borgarinnar af skynsemi og ábyrgð og forgangsraða rétt.

Hugsanlega má reikna með að einhverjar umbótatillögur meirihlutans á skóla- og velferðarsviði verði að veruleika rétt fyrir kosningar. Segja má „betra seint en aldrei“. Allt sem er gott fyrir börn, þótt skrefin séu lítil, styður fulltrúi Flokks fólksins í borgarstjórn.

Hins vegar hefur dýrmætur

tími tapast. Fyrir börn sem hafa verið á biðlistum er seint í rassinn gripið. Þau hafa mátt bíða mánuðum saman og jafnvel árum með vandamál sín óleyst, í þeirri von að brátt komi nú röðin að þeim og þau fái fullnægjandi þjónustu í formi einstaklingsmiðaðrar, faglegrar aðstoðar. Mörg hafa útskrifast úr grunnskóla án þess að hafa fengið aðstoð, ýmist að hluta til eða öllu leyti.

Flokkur fólksins vill að öllu fólki,

liði vel í borginni og á landinu öllu. Við höfum efni á því. Fólk þarf að finna til öryggis, að stjórnvöld láti það sig varða og að það þurfi ekki að kvíða morgundeginum. Að það hafi fæði, klæði og húsnæði. Við eigum að gera kröfu um að allt sé gert til að öllum börnum geti liðið vel og þau upplifað sig örugg í sínu nærumhverfi. Ef þessir þættir eru ekki í lagi skiptir annað oft minna og jafnvel engu máli. Fólk þarf fyrst og svo allt hitt! ■

Á kynningarverði í júlí:

Ný þvottavél og nýr þurrkari frá Siemens



A+ C

10 ára ábyrgð á iQdrive mótornum.



SIEMENS

Þvottavél, iQ500
WU 14UTL9DN

Ný 9 kg þvottavél með íslensku stjórnborði. 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótur með 10 ára ábyrgð. 15 mín. hraðþvottakerfi. Við hönnun vélarinnar hefur verið leitast við að gera hana mjög stöðuga og hljóðláta.

Kynningarverð:

114.900 kr.

Fullt verð: 149.900 kr.



A++



SIEMENS

Þurrkari, iQ500
WT 45WTA8DN

Nýr 9 kg þurrkari með íslensku stjórnborði. Sjálfhreinsandi rakapétur. Rafeindastýrð rakaskynjun. Sérkerfi: Blandaður þvottur, ull, útfatnaður, handklæði, tímastillt kerfi, hraðkerfi 40 mín., undirfatnaður og skyrtur.

Kynningarverð:

114.900 kr.

Fullt verð: 149.900 kr.

Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.

5 ÁRA *****
ÁBYRGÐ

Gildir til og með 31. júlí 2021 eða á meðan birgðir endast.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Messi verður 39 ára þegar samningurinn rennur sitt skeið.

Messi tekur tilboði Barcelona

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Lionel Messi og forráðamenn komust í gær að samkomulagi um nýjan fimm ára samning, þar sem Messi tekur á sig verulega launalækkun. Argentínumaðurinn er því ekki á förum frá Barcelona eftir tuttugu ár í herbúðum spænska stórveldisins, eftir að hafa reynt að komast frá félaginu síðasta sumar án árangurs. Samkvæmt heimildum ESPN verður samningurinn kynntur á næstu dögum.

Messi var án félags eftir að samningur hans við Barcelona rann sitt skeið undir lok júní. Honum var því heimilt að ræða við önnur félög, en eftir að Joan Laporta sneri aftur í forsetastól félagsins og félagið samdi við góðvin Messi, Sergio Agüero, hugnaðist Messi frekar að semja við Börsungu.

Börsungar eru þessa dagana að reyna að létta á skuldum og losna við leikmenn af launaskrá en forseti spænsku deildarkeppninnar, Javier Tebas, hefur hótad Börsungum því að félagið fái hvorki að skrá Messi né aðra nýja leikmenn fyrr en búið er að leysa úr fjárhagsvandráðum félagsins. ■



Fótboltinn er í sókn í Bandaríkjunum.

Metáhorf á úrslit Evrópumótsins

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Tæplega helmingi fleiri Bandaríkjamenn fylgdust með úrslitaleik Englands og Ítalíu um síðustu helgi en fylgdust með leik Frakklands og Ítalíu í úrslitum sömu keppni árið 2016. Þá var heildaraukning upp á 31 prósent á Evrópumóti þessa árs, miðað við mótið sem fór fram í Frakklandi árið 2016. Þetta kemur fram í nýjstu áhorfendatölum ESPN.

Alls fylgdust tæplega 6,5 milljónir með leik Englands og Ítalíu að meðaltali, sem er 43 prósentu aukning frá því fyrir fimm árum síðan. Þegar mest var voru 8,2 milljónir að fylgjast með leiknum á Wembley. Er þetta mesta áhorf sem mást hefur á leik á Evrópumóti í Bandaríkjunum og vinsælasta knattspyrnuútsending Bandaríkja á tvö ár.

Vinsældirnar voru heldur meiri í Bretlandi þar sem 31 milljón fylgdust með úrslitaleiknum, örlítið færri en fylgdust með úrslitaleiknum á HM 1966 þar sem Englendingar léku síðast til úrslita, og jarðarför Díönu prinsessu árið 1997. ■

Fær annað tækifæri til að sanna sig

Landsliðskonan Svava Rós Guðmundsdóttir gat lítið beitt sér hjá nýju félagi í byrjun þessa árs vegna þrálátra meiðsla í kálfa, en það horfir til betri vegar. Hún segist að einhverju leyti vera komin aftur á byrjunarreit og þurfa að sanna sig á ný í vetur.

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Sóknarmaðurinn Svava Rós Guðmundsdóttir, sem leikur með Bordeaux í Frakklandi og íslenska kvennalandsliðinu, segist vera búin að ná sér af þrálátum kálfameiðslum og tekur því fullan þátt í undirbúningstímabili franska félagsins þessa dagana. Svava, sem er uppalin í herbúðum Vals, skipti yfir til Frakklands í byrjun þessa árs en erfið meiðsli tóku sig upp strax í fyrsta leik sem voru að plaga hana út síðasta tímabil. Fyrir vikið náði hún aðeins 63 mínútum í treyju Bordeaux í vor, en vonast til að sýna sig og sanna í einni af sterkustu deildum Evrópu í vetur.

Svava er með samning út þetta tímabil hjá franska félaginu, sem er þriðja félag hennar á erlendri grundu. Þar áður lék Svava í tvö ár með Íslendingaliði Kristianstad í Svíþjóð og eitt tímabil með Röa í Noregi, þar sem hún var valin ein af bestu leikmönnum tímabilsins.

„Eins og staðan er núna er heilsan bara mjög góð eftir erfiða byrjun í Frakklandi. Ég kom inn á í fyrsta leiknum mínum og lék í hálf tíma en reif fljótlega vöðva í kálfa, sem voru ofboðslega erfið meiðsli,“ segir Svava, aðspurð hvort að hún sé búin að ná fullri heilsu eftir bakslagið sem kom upp á fyrstu vikunni hennar í Frakklandi.

„Það voru einhver erfiðustu meiðsli sem ég hef glímt við á ferlinum, bæði líkamlega og andlega. Til þessa hef ég yfirleitt náð að hrista af mér meiðsli frekar fljótlega á ferlinum en þessi meiðsli voru mun erfiðari. Ég þurfti að fara mjög varlega því þau voru alltaf að taka sig upp að nýju. Fyrir vikið var ég daglega í sjúkrahjálfun og náði í raun lítið að æfa með liðinu.“

Svava fær því annað tækifæri á þessu tímabili til að stimpla sig inn í lið Bordeaux, sem endaði í þriðja sæti deildarinnar á síðasta ári.

„Mér finnst ég enn þá eiga eftir að sýna mig og sanna fyrir liðinu, því ég fékk aldrei að sýna hvað ég hef upp á að bjóða. Ég er að einhverju leyti aftur á byrjunarreit að sýna hvernig ég get hjálpað liðinu,“ segir Svava, sem segir liðsfélagana og þjálfarann hafa sýnt stöðu hennar mikinn skilning.



Svava Rós kom þrisvar inn af bekknum á fyrsta tímabili sínu með Bordeaux en meiðsli settu strík í reikninginn.



Svava er þessa dagana á fyrsta undirbúningstímabili sínu með Bordeaux. MYND/ADSEND



Mér finnst ég enn þá eiga eftir að sýna mig og sanna fyrir liðinu, því ég fékk aldrei að sýna hvað ég hef upp á að bjóða.

Svava Rós Guðmundsdóttir.

„Þau hafa verið afar skilningsrík og stutt við bakið á mér. Þegar einstaklingur kemur inn á miðju tímabili fyrir lokaspættinn er ekki æskilegt að vera alltaf meidd en um leið finn ég fyrir miklum drifkrafti að geta tekið þátt frá byrjun undirbúningstímabilsins til að sýna mig og sanna. Það er heimikil samkeppni um allar stöður í liðinu og það þarf að vinna fyrir því á æfingavæðinu þar sem það er ekkert gefið eftir,“ segir Svava sem vonast til að spila æfingaleiki á næstunni.

Tímabilið hefst svo í næsta mánuði í undankeppni Meistaradeildar Evrópu, þar sem Svava gæti mætt

kunnuglegum andlitum í sænska félaginu Kristianstad.

„Það yrði mjög gaman ef hlutirnir myndu atvikast þannig, en bæði lið eiga eftir að spila annað einvígi fyrst.“

Svava fékk tíu mínútur í síðasta landsleiksverkefni og er nú komin með 25 leiki fyrir Íslands hönd.

„Það var mjög gott að fá þessar mínútur með landsliðinu um daginn. Það var komið langt frá síðasta landsliðsverkefni og ég þurfti að fara varlega, en það var gott að fá einhverjar mínútur. Það verður svo gaman að hefja undankeppnina fyrir HM í haust.“ ■

Konur í meirihluta í Ólympíuhópi Bandaríkja

kristinnpall@frettabladid.is

ÓLYMPIULEIKAR Þriðju Ólympíuleikana í röð verða konur fjölmennari í Ólympíusveit Bandaríkja en karlar. Ólympíuhópur Bandaríkja var kynntur í vikunni og voru 329 konur og 284 karlar á listanum yfir þá 613 fulltrúa sem Bandaríkin senda til Tókýó. Þetta er næstfjölmennasta sveit sem Bandaríkin hefur teft fram á Ólympíuleikunum á eftir Ólympíuleikunum í Atlanta.

Þetta eru um leið þriðju leikarnir í röð sem fjölgun á sér stað í þátttakendahópi bandarískra kvenna, eftir að 268 konur tóku þátt í London og 294 í Ríó, og nýtt met í fjölda kvenþátttakenda á einum leikum eftir að fyrra metið var sett í Ríó.

Tæp tvö hundruð af Ólympíuförum Bandaríkja hafa áður keppt á Ólympíuleikum og eru 56 fyrrum gullverðlaunahafar í hópnum. Einn þeirra, Phillip Dutton, sem er elsti þátttakandi Bandaríkja og keppir í skotfimi, er að keppa á sínum sjöundu Ólympíuleikum eftir að hafa keppt fyrst á Ólympíuleikunum árið 1996, þá fyrir hönd Ástralíu.

Sex fulltrúar Bandaríkja eru að fara á sína fimmtu Ólympíuleika, fimmtán á sína fjórðu, 39 í þriðja sinn og 130 að keppa í annað sinn. Af 613 fulltrúum Bandaríkja koma flestir frá Kaliforníu (126) og Flórída (51) og er sundkonan Katie Grimes, sem er nýorðin fimmtán ára, yngst í bandaríska hópnum. ■



Simone Biles er í hópi Ólympíufara Bandaríkja til Tókýó. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 15. júlí 2021



Max Hydrate freyðitöflur

Þrjár tegundir af Max Hydrate, fyrir þá sem vilja betra vökvajafnvægi orku og úthald.



Fæst í flestum apótekum og stórmörkuðum

Góður liðsfélagi í dagsins önn



EYLIF

Heilsan er dýrmætust
www.eylif.is

„Kristín Þorkelsdóttir er einn af frumkvöðlum í grafískri hönnun hérlendis og stofnandi auglýsingastofunnar AUK. Verk hennar eru fyrir löngu orðin hluti af okkar daglega lífi. Við erum með þau í höndunum svo að segja á hverjum degi,“ segir Sigríður.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í Hönnunarsafni Íslands er blómleg starfsemi allt árið um kring

Í Hönnunarsafni Íslands er nóg um að vera. Þar er yfirlitssýning á verkum Kristínar Þorkelsdóttur, börn eru velkomin í listasmiðjur, sjá má hönnuð að störfum og skoða má rannsóknir á litun með jurtum, að sögn Sigríðar Sigurjónsdóttur forstöðumanns. **2**

Aðalsýning Hönnunarsafns Íslands um þessar mundir hefur vakið mikla athygli, en þar má sjá gott yfirlit yfir verk Kristínar Þorkelsdóttur hönnuðar. „Kristín er einn af frumkvöðlum í grafískri hönnun hérlendis og stofnandi auglýsingastofunnar AUK. Verk hennar eru fyrir löngu orðin hluti af okkar daglega lífi. Við erum með þau í höndunum svo að segja á hverjum degi, því Kristín er hönnuður fjölmargra umbúða utan um matvæli og höfundur nágildandi peningaseðlaraðar, sem hún vann ásamt hönnuðinum Stephen Fairbairn,“ segir Sigríður, en Kristín hefur einnig hannað urmul auglýsinga og þjóðþekkt merki, sem mörg hafa verið í notkun í áratugi. Má þar nefna merki Byko, MS og Osta- og smjör-sölnnar.

„Það eru miklar og skemmtilegar þælingar á bak við allt sem Kristín hannað, hvort sem það eru peningaseðlar eða bókahönnun. Hún vinnur mikið í höndunum, teiknar og stimplar og gerir mikið af tilraunum. Þetta má allt sjá á sýningunni,“ segir Sigríður. Sýningarstjórar eru Arnar Freyr Guðmundsson, Birna Geirfinnsdóttir og Bryndis Björgvinsdóttir, en þau völdu að fara mjög litríka og ef til vill óhefðbundna leið í framsetningu á ávistarfi Kristínar.

Litun með íslenskum jurtum

Í Hönnunarsafninu er rannsóknarými, en þar fá hönnuðir og fræðimenn tækifæri til að sinna sérstökum rannsóknarverkefnum sem tengjast hönnun á einhvern hátt. „Sigmundur Freysteinnsson fatahönnuður hefur undanfarið unnið markvisst að rannsóknunum á litum á textil með íslenskum jurtum og kallast verkefnið Náttúrulitun í nútíma samhengi,“ segir Sigríður.

Sem dæmi notar Sigmundur lit úr blómi lúpínunnar og litar ull, bómull, hör og bómullarblöndu og þannig sést hvernig jurtalitun-



Sveinbjörn Gunnarsson módelismiður er í vinnustofudvöl í Hönnunarsafninu til 19. september.

Það eru miklar og skemmtilegar þælingar á bak við allt sem Kristín hannað, hvort sem það eru peningaseðlar eða bókahönnun.

Sigríður Sigurjónsdóttir.

inn kemur út í hverju efni fyrir sig. „Hann er búinn að byggja upp safn af alls konar jurtalitadótum, en 450 litaprufur eru komnar upp á vegg og eru þar til sýnis. Frábært er að fylgjast með þessum unga hönnuði sem er á leið í meistarnám til Kýótó,“ segir Sigríður.

Vert er að benda á að í safnbúð Hönnunarsafnsins eru til sölu vörur eftir íslenska hönnuði, sem á einhvern hátt tengjast sýningum eða safneign safnsins. Í anddyri safnsins er einnig gestavinnustofa en þar dvelja hönnuðir og handverksfólk í nokkrar vikur í senn og vinna fyrir framan gesti, en þeirra verk eru oft til sölu í búðinni, að sögn Sigríðar.

Smíðjur fyrir grunnskólanema

Stutt er síðan Hönnunarsafnið fékk stórt aukarými, sem Sigríður segir hafa verið algjöra byltingu. „Þessi stækkun hefur gjörbreytt allri okkar starfsemi. Með henni fengum við kærkomið tækifæri til að taka á móti grunnskólanemum yfir vetrartímann. Í fyrra komu um 300 nemendur til okkar og heimsóttu sýningar og tóku þátt í smíðjum. Þar vinna þau verkefni sem starfsfólk Hönnunarsafnsins og utanaðkomandi sérfræðingar, listamenn og hönnuðir hafa umsjón með og þetta hefur gengið frábærlega vel,“ segir hún, en í ár má búast við að 1.200 nemendur komi í heimsókn á Hönnunarsafnið.

„Um er að ræða mjög áhugavert prógramm, því það þarf að vanda vel til verka til að kveikja áhuga hjá börnunum. Í vetur vorum við meðal annars með sýningu á ull og nemendur fengu kynningu á ullinni og hvernig hún er unnin, og rætt var um nýsköpun og endurvinnslu. Þau fengu að koma við efnið og vinna með það á sínum forsendum,“ segir Sigríður.

Inni í smíðjunni eru einnig skemmtileg leikborð fyrir börn jafnt sem fullorðna, sem eru tileinkuð Einari Þorsteini Ásgeirssyni heitnum, arkitekt og stærðfræðingi. „Hönnunarsafnið á fjölda verka eftir Einar og í smíðjunni geta börn og fullorðnir leikið sér með alls konar verkefni sem tengjast stærðfræði,“ greinir Sigríður frá og bætir við: „Við munum halda ótraud áfram að bjóða skólahópum að taka þátt í verkefnum sem tengjast sýningum hverju sinni, en í haust verður hönnun Kristínar Þorkelsdóttur í brennidepli og spennandi að sjá hvað kemur út úr því.“

Spennandi vetrardagskrá

Þegar er búíð að leggja drög að dagskrá næsta vetrar og þar kennir ýmissa grasa. „Í rannsóknarýmnu verða arkitektateikningar eftir Högnu Sigurðardóttur í brennidepli. Fyrir ári síðan fengum við kassa með teikningunum hennar og við ætlum að taka þær upp, skoða þær og skrá og gestum Hönnunarsafnsins gefst tækifæri til að fylgjast með þeirri vinnu,“ segir Sigríður.

Sveinbjörn Gunnarsson módelismiður er í vinnustofudvöl í safninu til 19. september. Í stóra sýningar-salnum verður sýning sem snýr að sundlaugamenningu á Íslandi. „Hún er unnin í samstarfi við þjóðfræðideild Háskóla Íslands,“ segir Sigríður að lokum. ■

Hönnunarsafnið er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 12-17. Nánari upplýsingar: honnunarsafn.is



Krókur á Garðaholti er gamall burstabær sem hægt er að heimsækja á sunnudögum yfir sumartímann.

MYND/ÁÐSEND

Leyndur fjársjóður

Krókur á Garðaholti er burstabær sem hægt er að heimsækja á sunnudögum yfir sumartímann. Það er sérlega ánægjulegt að sjá aukningu gesta með tilkomu samstarfs kirkjunnar og menningarmála í Garðabæ, en í allt sumar eru haldnar sumarmessur í Garðakirkju og í kjölfarið messukaffi í hlöðunni við Krók. Í sumar bættist svo við sumarsunnudagaskóli sem fer fram í gamla bænum eða utandyra þegar veður leyfir. Þegar ljósmyndara bar að

garði var sumarsunnudagaskóla nýlökkið og messugestir fengu sér kaffisopa og hlýddu á tónlist í hlöðunni. Krókur er opinn frá 12-17 alla sunnudaga og aðgangur ókeypis, en sumarmessur og sumarsunnudagaskóli hefjast klukkan 11. Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi hjá Garðabæ, segir þetta sérlega gott samstarf og að gaman sé að upplifa óvænta ánægju kirkjugesta þegar þeir uppgötva leyndan fjársjóð sem Krókur er sannarlega. ■

Listasmiðjur fyrir börn

Mikill áhugi er á listasmiðjum fyrir börn sem tveir öflugir sumarstarfsmenn hafa séð um í sumar. Þetta er fyrsta sumarið sem smíðjurnar eru starfræktar, og aðsóknin hefur farið fram úr öllum björtustu vonum.

Guðný Sara Birgisdóttir, hönnuður og verðandi nemi í listkennslufræði, hefur umsjón með starfinu og henni til aðstoðar er Birna Berg, tónlistarkona og framhaldsskólanemi. „Við erum með listasmiðjur tvisvar í viku, þriðjudaga og miðvikudaga frá klukkan 14-16. Ekki þarf að skrá sig til leiks, heldur eru smíðjurnar opnar öllum og eru ókeypis, en þær verða haldnar út júlí,“ segir Guðný. Yngri börn eru einnig velkomin í fylgd með fullorðnum.

„Í smíðjunum leggjum við áherslu á að horfa til sköpunarferlis frekar en endilega lokaútkomu, sem er liður í því að styðja við skapandi uppeldi og sjálfsöryggi í sköpun. Þegar krakkar verða eldri er hætt við að þeir hætti að geta bullað og leikið sér og verði óruggir, finnst þeir kannski ekki nógu flinkir að teikna eða búa til skapandi verk. Í smíðjunum viljum við sporna við þessu, því það er engin rétt eða röng leið í listsköpun,“ bendir Guðný á. Hún sækir í reynslubanka frá því hún vann við smíðjur í öðru bæjarfélagi og segir þetta starf gott framhald af því. „Við einblinum á hvað það er gaman að skapa og það



Á vegum Hönnunarsafnsins í sumar er starfrækt listasmiðja fyrir börn. Lögð er áhersla á sköpunarferlið og hvað hægt er að gera úr ótrúlegustu hlutum.

þarf ekki að vera eitthvað flókið,“ segir hún.

Hugað er að umhverfismálum, enda eru börn í dag vön endurvinnslu og sjálfbærni. „Við notum því gjarnan óhefðbundinn efni, sem finnst jafnvel heima við, því það þarf ekki alltaf að fara út í búð og kaupa eitthvað nýtt. Við notum til dæmis plastrusl og grænmetisafskurð til að búa til form, eða sækjum lauf og greinar og leikum okkur með það,“ segir Guðný með bros á vör. Hún nefnir að yfirlitssýning á verkum Kristínar Þorkelsdóttur, sem nú stendur yfir í Hönnunarsafninu, veiti bæði börnunum og þeim Birnu mikinn innblástur. „Við horfum til þess sem Kristín hefur gert, og notum til dæmis kartöflur til að búa til stimpla, en þá er skorin

út mynd í kartöflu og hún máluð og síðan notuð sem stimpill. Þetta hvetur börnin líka til að skoða sýninguna og spá í verk Kristínar,“ segir Guðný.

Þegar hún er spurð hvort smíðjurnar hafi verið eftirsóttar í sumar kemur í ljós að svo hefur verið. „Já, það er búíð að vera mikið að gera í sumar. Smíðjurnar hafa spurst vel út og vakið mikla lukku á meðal barnanna. Það er svo gaman fyrir þau að láta sköpunargáfuna njóta sín og mörg þeirra koma með vini sína í næsta sinn sem þau mæta. Markmiðið er að sýna börnunum hvað hægt er að gera úr hinum ýmsu hlutum og gefa þeim verkfæri til að nýta sér þá þekkingu áfram í lífinu,“ segir Guðný. ■

VORÚTSALA

Meiri verðlækkun!
40-60% afsláttur

www.hjahrafnhildi.is

- Sendum um allt land
- Frí heimsending yfir 15.000 kr.
- Heimakstur samdægurs á höfuðborgarsvæðinu



hjá
Hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Kómískar kynlífspælingar



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun
@frettabladid.is

Lára Magnúsdóttir vakti athygli á Reykjavík Fringe hátíðinni sem lauk um síðustu helgi. Þar kom hún fram í bleikri dragt og las upp úr erótískri ástarsögu sem var skrifuð fyrir atriðið. Í kvöld kemur hún fram ásamt fleiri uppistöndurum á Útgerðinni á Akranesi.

Atriðið auglýsti Lára sem bóka-kynningu á erótískri skáldsögu eftir sig sjálfa. En það sem áhorfendur vissu ekki er að hún var ekki búin að skrifa neina bók. Hún skrifaði bara fimm kafla sérstaklega fyrir atriðið.

„Þetta er verk í vinnslu. Rómantísk saga fyrir fullorðna, eiginlega grínsaga. Ég er að gera grín að rauðu seríunni og þannig bókum. Mér fannst það áhugavert viðfangsefni til að fjalla um,“ útskýrir Lára og bætir við að henni hafi líka fundist gaman að auglýsa sig eins og hún hefði skrifað mjög sexí sögu.

„Það dregur að. Það voru margir að spyrja mig hvar hægt væri að kaupa bókina. Ég ætla mér að klára hana og gefa hana út fljótlega.“

Lára hlustaði á erótískar smásögur inni á Storytel til að undirbúa sig fyrir skrifin.

„Ég man ekki hver skrifaði þessar sögur í fljótu bragði. En ég hlustaði á þær allar til að fá innblástur um hvernig best væri að útfæra söguna mína. Hversu mikil smáatriði ég ætti að fara út í og svoleiðis,“ segir hún.

„Ég vann svo söguna út frá sjálfri mér og hafði allt mjög ýkt. Ég held ég sé með ógreint ADHD þannig að ég ákvað að blanda því inn í kynlífspælingar hjá þarinu sem bókin fjallar um. Það er í sjálfu sér mjög kómískt.“

Sagan Mighty Hands fjallar um parið Bastían og Lilly.

„Við förum með þeim í gegnum þeirra athöfn. Í atriðinu stoppaði ég svo alveg á „climaxinu“ og las ekkert meir,“ segir Lára hlæjandi.

Lára prentaði bókarkápu í A4



Lára las upp úr erótískri ástarsögu í þessari fallegu, bleiku dragt.

MYNDIR/ÞSENDAR

stærð og límdri handrit inni í hana. Hún ljóstraði svo upp um það fyrir framan áhorfendur á síðustu sýningunni að þetta væri ekki raunveruleg bók, heldur bara allt í plati.

Í bleikri dragt með hárkollu

Lára koma fram í bleikri dragt á sýningunni og með hárkollu. Hún sagðist hafa valið það útlit til að vera fin og faguð en vekja samt athygli.

„Ég vildi ekki að höfundurinn væri í of djörfum fötum, heldur að texti bókarinnar myndi alveg sjá um að vera djarfur,“ útskýrir hún.

Lára hefur áður komið fram á Reykjavík Fringe en hún var með atriði árið 2019 þar sem hún kom fram í búningi sem systir hennar saumaði.

„Ég lét systur mína, sem er saumakona, sauma á mig sexí ebólaveirubúning, svo fékk ég lánaða gasgrímu,“ segir hún.

„Þegar ég byrjaði í uppistandi fyrst var ég alltaf í súperman-skóm sem ég átti, því þeir voru stórir og þungir og jarðtengdu mig, svo var ég í mjög hlutlausum fatnaði.“

Núna reynir Lára oftast að vera í dökkum klæðnaði sem vekur ekki of mikla athygli þegar hún er uppi á sviði.

„Uppistandsefnið sér um það að skreyta sviðið,“ segir hún.

Segir flest upphátt

Í kvöld kemur Lára fram ásamt fleiri uppistöndurum á barnum Útgerðinni á Akranesi.

„Ég hef verið að gera uppistand í nokkur ár. Ég hef komið fram í einkasamkvæmum og á Secret Cellar. En núna er ég að fara að koma fram á Akranesi þar sem ég bý, það kostar 1.000 kall inn og sýningin byrjar klukkan átta. Það verða nokkrir uppistandarar sem koma fram, en við ætlum að vera með sýningu á íslensku. Það er svo sjaldan sem uppistandarar fá tækifæri til að koma fram á íslensku,“ segir hún.

Venjulega þegar Lára er með uppistand tekur hún sjálfa sig og sitt eigið líf fyrir.

„Ég reyni að segja flest sem mér dettur í hug upphátt og bið eftir að fá viðbrögð. Ef ég fæ goð viðbrögð þá skrifa ég það niður og mündla eitthvað úr því,“ útskýrir hún.

Lára telur Fringe-hátíðina góðan vettvang til að hjálpa uppistöndurum að koma sér á framfæri.

„Þetta er snilldar vettvangur fyrir alls konar listamenn til að koma á framfæri sínum verkefnum. Það er rosalega margt í boði á hátíðinni. Ég var allavega mjög ánægð með mína sýningu og er strax farin að plana næstu Fringe hátíð.“ ■

77 Ég vildi ekki að höfundurinn væri í of djörfum fötum, heldur að texti bókarinnar myndi alveg sjá um að vera djarfur.

Mest selda liðbætiefni á Íslandi

EYMSLI, STIRÐLEIKI EÐA BRAK Í LIÐUM?

2-3ja mánaða skammtur í hverju glasi



Á Fringe-hátíðinni 2019 kom Lára fram í sexí ebólaveirubúningi.



STUDIO Jeanette, Tunica
Stærð 38-56
Verð kr. 11.980



STUDIO Sophie Tunica
Stærð 38-56
Verð kr. 13.980



STUDIO Tine Tunica
Stærð 38-56
Verð kr. 11.980



STUDIO Laila Tunica
Stærð 42-56
Verð kr. 12.980



YESTA Janelle peysa með glitter
Stærð 44-56
Verð kr. 9.980

Nýjar vörur streyma inn



STUDIO Oda kjóll
Stærð 38-56
Verð kr. 17.980



STUDIO Ditte kvartermabolur
Stærð 38-56
Verð kr. 10.980



GOZZIP Berlinda síður kjóll með pífu
Stærð 42-56
Verð kr. 26.980



GOZZIP Maya Gallajakki
Stærð 38-56
Verð kr. 15.980



YESTA Madia Gallajakki
Fæst líka í gallabláu og svörtu
Stærð 44-56
Verð kr. 14.980

STUDIO®

Tamaris

GOZZIP®

SANDGAARD

yesta

Jana®

yest



SANDGAARD Luxemborg síður hlýrabolur
Fæst líka í hvítu
Stærð 38-54
Verð kr. 4.980



SANDGAARD Madrid - Bootcut buxur
Stærð 38-54
Verð kr. 9.980



SANDGAARD Amsterdam stuttermabolur
Fleiri litir til
Stærð 36-54
Verð kr. 3.980



SANDGAARD Stockholm síð skyrta
Fæst líka í svörtu og hvítu
Stærð 36-54
Verð kr. 12.980



YESTA Liliana stuttermakjöll
Stærð 44-50
Verð kr. 10.980

Verzlunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460



Nýjustu hattarnir eru smart og klæðilegir. Minna ögn á knapahjálma.

Tvíðið kemur aftur í haust

Eftir eitt og hálf ár án tiskuvíðburða er lífið að færast í eðlilegra horf. Núna í byrjun júlí komu hátiskuhönnuðir saman á tiskuvíku í París til að sýna haust- og vetrartiskuna 2021–2022. Sýningar sem þessar eru nauðsynlegar fyrir lúxustiskuhús til að lifa af ástandið.

elin@frettabladid.is

Það voru 33 tiskuhönnuðir sem sýndu haust- og vetrartísku sína í París, margir þeirra þekktustu. Þarna mátti meðal annars sjá Dior, Armani, Balenciaga, Jean Paul Gaultier og marga fleiri. Sýningarstaðir voru Musée Rodin þar sem Dior sýndi hátísku sína, stórverslunin La Samaritaine, Hôtel de la Marine, sem er nýuppgerð og listasafnið Bourse de Commerce.

Maria Grazia Chiuri, sem er listrænn hönnuður hjá Dior, vildi draga fram mikilvægi vandaðrar vefnaðarvöru í hausttískunni. Sýningarrýmið var þakið útsaumum myndum úr silki. Útsaumurinn var handunninn á Indlandi og tók marga mánuði. Hann var unninn hjá Chanakya Craft skólanum sem er sjálfseignarstofnun með það að markmiði að styrkja konur í nærsamfélaginu til listsköpunar. Sérstaklega er horft til útsaums fyrri tíma, en útsaumurinn er innblásinn af tímaleysi og nærgætni. Skólinn hefur starfað með helstu tiskuhúsum í Evrópu.

Það vakti athygli að tvídefni léku stórt hlutverk í hönnun Dior fyrir haust og vetur. Tvídyfirhafnir og -dragtir sem eru kvenlegar, sjarmerandi og þínu gamaldags. Tvídhattar voru einkennandi á sýningunni og minntu ögn á hjálma sem hestamenn nota. Þar að auki voru sýndir glæsilegir silkisamkvæmis-kjólur.

Maria Grazia er fyrsta konan til að stjórna Dior í sjöttu ára sögu fyrirtækisins. Hún er sögð koma inn með ferska vinda og leggur mikla áherslu á notagildi vörunnar og endingu. Maria er sögð blanda saman skapandi list og tisku. Hún sækir innblástur í sögulegar tilvísanir og feminísk gildi. Hún horfir til nútímakonunnar, en ekki þeirrar konu sem fyrirtækið byggði stíl sinn á í upphafi. Fötin eiga að endurspeglar líf nútímakonu sem er útívinnandi og á framabrot. Sjálf klæðist hún oftast svörtum fötum og segist vera af þeirri kynslóð kvenna sem elskar að vera svartklædd. Maria er fædd í Róm árið 1964 og hafði áður starfað hjá Pierpaolo Piccioli, sem er listrænn hönnuður hjá Valentino.

Það er gaman að skoða myndirnar frá haust- og vetrartísku Dior því hönnunin nær án nokkurs vafa til margra kvenna. ■



Kápurnar eru mismunandi, en eiga það sameiginlegt að vera víðar.



Önnur tvíddragt.



Stutt kápa með trefli í stíl og auðvitað hatti. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Ein önnur útfærsla á tvídkápu.



Glæsileg buxna-dragt frá Dior.



Glæsileg tvídkápa frá Dior.

MARAFON

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um marafon kemur út föstudaginn 30. júlí n.k.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Hafðu AKU með í valinu!

AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum



AKU Selvatica GTX

Lágir gönguskór, léttir með miklu gripi

24.990 kr.

Grjótvörn

Air 8000
gefur aukna öndun

Elica kerfi
stuðlar að góðu
göngulagi

Gore-Tex
vatnsvörn

Pægilegt reimakerfi -
auðvelt að þrengja að

Grjótvörn

Ortholite innlegg

Vibram
Megagrip sóli

Stingum af ...



AKU Superalp GTX ♀♂
Traustir og fjölhæfir gönguskór
42.990 kr.



AKU Alterra GTX ♂
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.



AKU Tengu Low GTX ♂
Fjölhæfir gönguskór
29.990 kr.



AKU Alterra GTX ♀
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.



AKU Tengu Low GTX ♀
Fjölhæfir gönguskór
29.990 kr.



AKU Tribute II GTX ♀♂
Léttir gönguskór
28.990 kr.



AKU Rapida Air ♂
Léttir dagskór
19.990 kr



AKU Rock DFS GTX ♂
Fjölhæfir gönguskór
26.990 kr



AKU Rapida Air ♀
Léttir dagskór
19.990 kr



AKU Rock DFS GTX ♀
Fjölhæfir gönguskór
26.990 kr



AKU Selvatica ♀
Léttir gönguskór með miklu gripi
24.990 kr



Til að velja rétta gönguskó er nauðsynlegt að bera saman allar helstu gerðir.

Best er að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu sölustaði, prófa, máta og taka upplýsta ákvörðun.

GG SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!



@ggsport.is



@gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 - 18, Laugardaga 11-15

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppbodsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

FYRIR AÐSTOÐ INNLANDS

gjofsemgefur.is
907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

Bátar

VEIDIPORTID
Grandagarður 3 • Sí: 552-9940

Shp. Tvígengis
159.000.kr



Gerid verðsamanburð!
www.veidiportid.is

Þjónusta

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Garðyrkja

SLÁTTUVÉLAVIDGERÐIR & SMÁVÉLAVIDGERÐIR



Áratuga reynsla í viðgerðum á smávélum
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuor, sláttutraktorar, jarðvegsþjoppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is | www.accountant.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

Spákona. Miðla með aðstoð kaffibolla. Miðla til þín því sem þú þarft að heyrna. S. 866 6597 Ásdís Spámiðill. Get komið í heimahús.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskipti, myndsiðar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



TILBOÐ

Fallegur sófi úr Tekk til sölu með höfuðþrúðum og skammel, grár. St. 90X220 og skammel 70X85. Tilboð óskast S. 663 3313

STIGA



Lúxus sláttuvél með drifi B&S mótur 625EXI, 2,27kW
Tvískiptur hnifur, slær X-smátt 70 ltr. notendavænn graskassi Frábær sláttuvél

Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is



Mat á umhverfisáhrifum Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldir framkvæmdir:

- Tegundabreyting á fiskeldi Hábrúna ehf. í Skutulsfirði
- Hafravatsvegur í Mosfellsbæ

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 16. ágúst 2021.

Deiliskipulagsbreyting Miðbær Hafnarfjarðar - Reitur 1

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu vegna miðbæjar Hafnarfjarðar. Breytingin nær til reits sem afmarkast af Strandgötu, Reykjavíkurvegi, Austurgötu og Linnetsstíg. Í breytingunni felst m.a. að byggingarheimildum frá 2001 er breytt.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þann 29. júní s.l. var eftirfarandi tekið fyrir og samþykkt:

„Lögð fram tillaga að breyttu deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar. Breytingin nær til reits sem afmarkast af Strandgötu, Reykjavíkurvegi, Austurgötu og Linnetsstíg. Í breytingunni felst m.a. að byggingarheimildum frá 2001 er breytt.“

Erindið var samþykkt og vísað til Bæjarstjórnar.

Bæjarráð í umboði Bæjarstjórnar staðfesti afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs á fundi sínum þann 1. júlí s.l.

Tillögurnar ásamt fylgigögnum verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2, frá 15.07.-26.08.2021.

Auk þess er hægt að skoða tillöguna á vef Hafnarfjarðarbæjar hfj.is/skipulag. Nánari upplýsingar eru veittar hjá umhverfis- og skipulagssviði.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna. Skal þeim skilað á netfangið skipulag@hafnarfjordur.is eigi síðar en 26.08.2021, eða skriflega á:

Hafnarfjörður
b.t. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is



SPARAÐU TÍMA OG PENINGA



www.verslun.is

AF ÖLLUM VÖRUM Í NETVERSLUN ER:

20% AFSLÁTTUR

WWW.VERSLUN.IS



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPPINGS

Straumur
...hillukerfi

Sýningarsalur - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is Netverslun á www.verslun.is

Tækil. 5702#

intellecta.is

RÁÐNINGAR



intellecta

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Ukulele á tilboði

Mikið úrval
Verð við allra hæfi



myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hak, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is
Opíð mán - fös 11-16,
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu 50 m² bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús. S: 661-6800

Geymslunúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Auglýsing um skipulag - Borgarbyggð

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Borgarbyggð.

Deiliskipulag Bjarnastaðir

Byggðarráð Borgarbyggðar samþykkti þann 8. júlí 2021, skv. 4. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa að nýju deiliskipulagstillögu fyrir Bjarnastaði L134637.

Tillagan var auglýst 19. maí til og með 2. júlí 2021 og send lögbundnum umsagnaraðilum. Gerð var breyting vegna umsagnar Minjastofnunar Íslands.


Deiliskipulagið tekur til bæjarstæðis jarðarinnar Bjarnastaða. Svæðið er um 14,5 ha að stærð og innan þess eru skilgreindar 3 íbúðarhúsalóðir ásamt landbúnaðarbygg- ingum.

Ofangreind deiliskipulagstillaga er aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is og í þjónustuveri Borgarbyggðar, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi frá 16. júlí til og með 29. ágúst 2021. Ef óskað er eftir nánari kynningu á ofangreindri tillögu þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við auglýsta skipulagstillögu og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með **29. ágúst 2021**.

Athugasemdum skal skila skriflega í þjónustuver Borgarbyggðar, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi, b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulagsfulltrui@borgarbyggd.is

Borgarbyggð, 12. júlí 2021
Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar.



BORGARBYGGÐ

www.borgarbyggd.is

Við leiðum fólk saman



HAGVANGUR

hagvangur.is

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannaúsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

Þjónustuauglýsingar Sími 550 5055

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari upplis; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

EYJALIND Belti og undirvagnshlutir - fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjaland.is

Dáleiðsla og ráðgjöf

Ný markmið, hætta að reykja, sofa betur, minnka streitu. Dáleiðsla getur hjálpað við að bæta vellíðan.

Ingibjörg Bernhöft
BA sálfræði, jákvæð sálfræði, dáleiðslukennari
s. 863-8902 • ibernhoft@gmail.com

www.breytthugsun.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARET ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið
S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Dáleiðsla

Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.

Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslukennari
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com

www.bernhoft.is

Alla fimmtudaga og laugardaga arnarut@frettabladid.is



✝
Móðir okkar,
Inda Dan Benjaminsdóttir
Miðleiti 7, Reykjavík,
lést 2. júlí á líknardeild Landspítalans.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey
að ósk hinnar látnu.
Katrín Axelsdóttir
Kristín Axelsdóttir



✝
Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Sigrún Árnadóttir
þýðandi,
sem lést 9. júlí, verður jarðsungen frá
Dómkirkjunni þriðjudaginn 20. júlí kl. 15.
Árni Óskarsson
Jóna Dóra Óskarsdóttir
Völundur Óskarsson
Aagot Vigdís Óskarsdóttir
Svanhildur Óskarsdóttir
Hrafnkell Óskarsson
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



✝
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Ásdís Jónasdóttir
Suðurlandsbraut 58,
lést 24. júní á Landspítalanum
í Fossvogi. Hún verður jarðsungen
frá Fossvogskirkju í Reykjavík,
mánudaginn 19. júlí kl. 15.
Sigurlaug Regina Friðþjófsdóttir
Jónas Gauti Friðþjófsón **Ragnhildur Georgsdóttir**
barnabörn og barnabarnabarn.



✝
Ástkær eiginmaður, faðir,
tengdafaðir og afi,
Sigurður Kristjánsson
vélstjóri,
Kópavogstúni 9,
lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð
í Kópavogi, þann 13. júlí.
Útför verður auglýst síðar.
Laufey Aðalsteinsdóttir
Aðalsteinn Sigurðsson **Sigrún Agnes Rúnarsdóttir**
Andri Dagur, Úlfur Ingi, Helga Karen



✝
Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug
vegna andláts og útfarar
Rannveigar G. Kristjánsdóttir
frá Bolungarvík.
Sérstakar þakkir til starfsfólks
Hjúkrunarheimilisins Eirar, 3n.
Rannveig K. Stefánsdóttir **Ögmundur Gunnarsson**
Tryggvi Stefánsón
Sírrý Halla Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



✝
Hjartans þakkir fyrir auðsýnda
samúð og vináttu við andlát
og útför eiginmanns míns,
föður, tengdaföður og afa,
Vilhjálms Óskarssonar
Elinborg Proppé
Þórey Vilhjálmssdóttir Proppé **Magnús Orri M. Schram**
Gunnar Þór Vilhjálmsson
Villi, Mia og Ragnheiður.



Miðaldasönghópurinn Voces Thules fagnar þrjátíu ára afmæli á næsta ári.

MYND/ADSEND

Slegið á hjartans hörpustrengi

Voces Thules láta að sér kveða á Norðurlandi um næstu helgi í Þjóðlagasetrinu á Siglufirði og Hólum í Hjaltadal, þar sem spilað verður í messu og svo tónleikar.

arnartomas@frettabladid.is

„Titill tónleikanna er Þessi karl á þingið reið, og vísar til skemmtilegs brags Jóns Arasonar, biskups á Hólum, sem við flytjum,“ segir Einar Jóhannesson í miðaldasönghópnum Voces Thules sem kemur fram á tvennum tónleikum næstu helgi. Á laugardagskvöld spilar hópurinn á sumartónleikum Þjóðlagasetursins á Siglufirði kl. 20.30 og svo á sunnudaginn í Hólum í Hjaltadal, þar sem spilað verður í messu kl. 14 og svo á tónleikum kl. 16.

Hópurinn mun þar flytja dagskrá með íslensku efni aftan úr öldum og leikið verður á hljóðfæri sem tíðkudust hér áður fyrr. Þegar blaðamaður nær í Einar símleidis situr hann sveittur við æfingar

”

Strengjahljóðfæri eiga sér alltaf stað í mínu hjarta þar sem ég spilaði á fiðlu sem barn, svo nú er ég sestur að slá á hjartans hörpustrengi.

norður í Hörgárdal, vopnaður keltneskri hörpu.

„Hún er eitt af þessum gömlu hljóðfærum sem hentar tónlistinni okkar svo vel og ákaflega fallegur gripur þótt hún sé ekki jafnstór og símfónísk harpa,“ segir Einar um hörpuna góðu. Hann er þó kominn utan sérviðs síns, þar sem hann er lærður blásari og spilar helst á klarinett. „Þetta er glíma sem er ansi

skemmtileg. Strengjahljóðfæri eiga sér alltaf stað í mínu hjarta, þar sem ég spilaði á fiðlu sem barn, svo nú er ég sestur að slá á hjartans hörpustrengi.“

Aðspurður um hvert hópurinn sæki lög sín segir Einar að af nógu sé að taka.

„Stóra verkefnið okkar eftir stofnun hópsins árið 1992 var flutningur á öllum þorlákstíðum,“ segir hann. „Svo höfum við sótt talsvert í Sturlungu og notað efni þaðan. Við reynum að finna gömul þjóðleg stef til að syngja við textana og höfum mikið notað þjóðlagasafn séra Bjarna Þorsteinssonar frá Siglufirði. Svo er einn félaganna, Eggert Pálsson, magnaður með að draga upp úr hatti sínum sterkar og sannfærandi laglínur! Vinnan gengur svo mikið út á að vera skapandi og aðlaga og bæta við eftir þörfum.“

Voces Thules standa svo frammi fyrir tímamótum á næsta ári þegar hópurinn fagnar þrjátíu ára starfsafmæli. „Við munum halda veglega upp á það í apríl-byrjun í Salnum í Kópavogi, með leik, söng og jafnvel dansi,“ segir Einar. ■



✝
Ástkæra og yndislega móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
Rannveig Filippusdóttir
Hlíðarvegi 32, Reykjanesbæ,
áður Austurvegi 2, Vestmannaeyjum,
lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
mánudaginn 28. júní 2021.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Ástvinir þakka starfsfólki HSS umhyggju og hlýhug.
Rannveig Þorvarðardóttir **Þórarinn Arnórsson**
Nína Brá, Styrmir Snær, Íris Hrund
Gunnar Þorvarðarson **Hrafnhildur Hilmarsson**
Ægir Örn, Logi, Harpa
makar og langömmubörn.



✝
Yndislega móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Sigrún Guðjónsdóttir
Greniteig 9, Keflavík,
sem lést á Heilbrigðisstofnun
Suðurnesja, mánudaginn 5. júlí,
verður jarðsungen frá Keflavíkurkirkju,
mánudaginn 19. júlí kl. 13.
Guðjón Sigurðsson **Steinunn Njálisdóttir**
Bjarni Ásgrímur Sigurðsson **Hansborg Þorkeldsdóttir**
Sigurður Sigurðsson **Árný Þorsteinsdóttir**
Sveinbjörg Sigurðardóttir **Guðsveinn Ólafur Gestsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



✝
Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Kristinn Kristinsson
húsmiðameistari,
Álfhólsvegi 104, Kópavogi,
lést sunnudaginn 11. júlí
á hjúkrunarheimilinu Mörk.
Útför hans fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík, fimmtu-
daginn 22. júlí klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hans er
bent á Hollvíni Grensásdeildar.
Ásdís Þórarinsdóttir
Sigrún Kristinsdóttir **Hinrik Már Ásgeirsson**
Kristinn Gunnar Kristinsson **Margrét Jóna Gestsdóttir**
og barnabörn.



✝
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Ingibjörg Beck
frá Reyðarfirði,
Lækjasmára 6, Kópavogi,
sem lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 28. júní
síðastliðinn, verður jarðsungen frá
Reyðarfjarðarkirkju, miðvikudaginn 21. júlí kl. 14.00.
Minnningarathöfn verður í Fossvogskapellu mánudaginn
19. júlí kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir
en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á líknarfélög.
Bjarni Steingrímsson **Ellen Rósa Jones**
Páll Grétar Steingrímsson **Kristjana Erlen Jóhannsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

Nýtt heyrnartæki.
frá
Beltone

Beltone Imagine™

Lífið fær nýjan tilgang með Organsónötu nr. 4 eftir Bach




Tónlist, samtöl, upplestur, fuglasöngur, barnahjal og niður í beljandi eldgosi. Heimurinn opnast upp á gátt þegar þú heyrir betur. Með hágæða heyrnartækjunum frá Beltone **Imagine™** verður þér það kleift og lífsgæðin batna til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja tengist beint við snjallsímamann þinn eða önnur snjalltæki. Leggðu við hlustir með Beltone **Imagine™** – komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



Veðurspá Fimmtudagur



Suðlæg átt, 5-13 m/s í dag og allvíða dálítill rigning eða súld, en lengst af bjart N- og A-lands. Hiti 9 til 22 stig, hlýjast NA-til. ■

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 bumba
- 5 sniðhallur
- 6 íröð
- 8 aðalsmanna
- 10 íröð
- 11 rökkur
- 12 afgangur
- 13 þvengur
- 15 afkomendur
- 17 þusa

LÓÐRÉTT

- 1 rándýr
- 2 hristingur
- 3 dreitill
- 4 tormerki
- 7 óður
- 9 bestiu
- 12 bylga
- 14 kvknafn
- 16 nóta

1	2	3	4		
5			6	7	
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1: ístra, 5: ska, 6: g, 8: b, 10: k, 11: hum, 12: fara, 13: reim, 15: niðjar, 17: ausa. LÓÐRÉTT: 1: ísbjörn, 2: skak, 3: tár, 4: agn, 7: ham-

Pablo Salinas Herrera (2514) átti leik gegn Mads Andersen (2579) á Heimsbikarmótinu í skák.

23...Rg4! 24. Hd3 (24. Bxe3 Rxe3#). 24...d4!! 25. Hed1 (25. Hxe3 Rxe3#). 25...Dg1+!! 26. Rxe1 Rxe2# 0-1. Glæsileg flétta. Hjörvar Steinn Grétarsson lagði Hvít-Rússann Kiril Stupak að velli í gær í bráðabana. Hann mætir Maxim Matlakov í 2. umferð sem hefst í dag. Skákvarpið hefst um kl. 13.

www.skak.is: Heimsbikarmótið. ■

Sudoku

	1	8		2	4	9		7
		7			6		3	
				8				6
	2	3	5					
	5		6			8		
					2	3	9	
5	7			3	1	4	6	
				4	7		1	
1	9					7		

	9			3			4	2
		5	1		4			6
			8	9			5	
						4	3	
	5				7			
2			9					
3			5			7	1	
		6		2				
			3		8			

Þrautinn felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Jæja! Til að fagna nýjum meðlimum ætla ég að leggja fram tillögu! Formaðurinn býður í helgarprógram á heilsuhótelinu!

En vegna fjármagnsskorts get ég bara boðið öðru ykkar! Við skulum útkljá það á gamla mátann!

Úllen, dúllen... og það varst þú!

Sorry, Húgó! Ég var farinn að hlakka til að fara saman í sex tíma af líkamsnuddi!

Svo þú segir það, Ívar!

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Ég er með bílpróf, VW vagn frá 1962 og sirka fimm þúsund krónur í veskinu.

Andvarp!

Það er súrsæt tilfinning að hafa náð öllum draumum sínum svona ungur.

Hvenær sestu í helgan stein?

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Hannes, við hringjum ekki á lögregluna út af heimaverkefnum!

En pabbi, þessi brotareikningur er að drepa mig!

VELDU GÆÐI!

3 TEGUNDIR AF SÚRDEIGSBRAUÐUM

BJÖRNSBAKARI
Sími: 561 1433
www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00
Austurströnd 14 • Hringbraut 35

KRYDD veitingahús

Restaurant & Bar Hafnarfirði

SUMARTILBOÐ

Fjögurra rétta ósvissuferð fyrir tvo 9.990 kr

Hafa samband Sími: 558-2222 krydd@kryddveitingahus.is
Strandgata 34 220 Hafnarfjörður kryddveitingahus.is

„Ég kem með gönguskóna“

Brandenburg | s/a

Komdu með í ferðalag!

Á ferdalag.is getur þú fundið allt það helsta um ævintýrin sem Ísland hefur upp á að bjóða.

ÍSLAND
**KOMDU
MEÐ**



„Rýmið er mjög skemmtilegt og lifandi,“ segir Anna. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

Loftmynd við Hverfisgötu

Nýtt sýningarrými var nýlega opnað í höfuðborginni, Gallerí Undirgöng við Hverfisgötu 76. Anna Hallin er fyrsti myndlistarmaðurinn sem sýnir þar.

kolbrunb@frettabladid.is

Listrýmið er staðsett í undirgöngum við Hverfisgötuna, sem er ein fjölfarnasta gata miðborgarinnar. Sýningarveggir undirganganna sjást vel frá götunni.

„Við Olga Bergmann stöndum fyrir þessu sýningarrými sem er í upplýstum undirgöngum við hús okkar. Hugsunin með þessu er að styðja við tímabundna myndlist í opinberu rými,“ segir Anna. „Rýmið hér við Hverfisgötuna er mjög skemmtilegt og lifandi.“

Verk Önnu, Loftmynd, er tólf metrar á breidd og unnið beint á veggri rýmisins. Það byggir á blekteikningum Önnu sem sækja innblástur í loftmyndir af mannvirkjum og þar eru línur og form sem skapa hreyfingu og dýpt. Verkið er unnið með bleki, úða og húsa-málningu.

„Listakona frá Ástralíu, sem gerir blek úr granateplum, gaf mér mismunandi líti. Mér fannst mjög gaman að nota blekið því það flæðir svo skemmtilega. Þegar maður notar það verður maður að vera vakandi og í núinu. Svo keypti ég mér úða eins og þann sem er notaður í graffítí og málaði aftur yfir sumt með málningu.“

Hringir eru áberandi í þessu verki Önnu. „Þegar ég gerði þá var ég líka

”

Hugsunin með þessu er að styðja við tímabundna myndlist í opinberu rými.

að einhverju leyti að hugsa út í geim,“ segir hún.

Hún segir markmiðið með þessu nýja gallerí vera að stofna til vettvangs fyrir tímabundin útilistaverk í borginni, auka sýnileika samtímalistar í borgarrýminu og skapa vettvang þar sem myndlistarmönnum gefst tækifæri til að takast á við óhefðbundið rými og nýjar aðstæður til sýningarhalds í almannarými.

„Við Olga ætlum í framhaldinu að halda málþing um listaverk í opinberu rými. Okkur finnst vanta samtal milli listamanna um slík verkefni og hver birtingarmynd þeirra getur verið, og viljum að bæði ríkisstjórn og borg setji betri fókusi á list í opinberu rými,“ segir Anna.

Sýning Önnu stendur í tvo mánuði. Þá verður málað yfir verk hennar og nýtt verk eftir Einar Garibaldi Eiríksson fer í rýmið og síðan kemur að Eycló Harðardóttur sem sýnir í byrjun næsta árs.

Stjórn félags um Gallerí Undirgöng skipa: Olga Bergmann, Anna Hallin, Dore Bowen og Þórdís Adalsteinsdóttir. ■

Sexið selur ... líka í óperunum

TÓNLIST

Sönghátíð í Hafnarborg

★★★★★

Tónlist eftir: Beethoven, Mozart, Verdi, Nicolai, Saint-Saens og Donizetti. Fram komu Sigrún Pálmadóttir, Hanna Dóra Sturludóttir, Gissur Páll Gissurarson, Oddur Arnþór Jónsson, Kristinn Sigmundsson, Alexander Jarl Þorsteinsson og Guðrún Dalía Salómonsdóttir.

Hafnarborg: sunnudaginn 4. júlí.

Jónas Sen

Beethoven dáði Mozart en sagði samt í bréfi að hann væri stór-hneykslaður á hve margt í óperunum hans væri dónalegt. Í þeim er oft sungið um uppáferðir, framhjáhald, kvennabúr og sving. Í *Così fan tutti* er til dæmis veðjað á að dyggar eiginkonur verði lauslátar þegar eiginnmenn þeirra þykjast vera kallaðir í herinn. Þetta svífur yfir vötnunum í tríóinu *Soave sia il vento*. Það var eitt af atriðunum á dagskránni á lokatónleikum Sönghátíðar í Hafnarborg á sunnudaginn.

Beethoven var uppsiðað við svona atriði, honum fannst að verið væri að draga tónana niður á lágt plan, breyta tónum í dóna. Tónlistin hér var svo sannarlega stórfengleg, hún var svo háleit og fögur að það stakk vissulega í stúf við umfjöllunarefnið. Kannski var Mozart að meina að finna má guðsneistann í öllum hlutum, líka þar sem losti og sviksemi eru við völd. Guð býr í gaddavírnum og galeiðunni, eins og Megas orti.

Í þrýðilegu jafnvægi

Óumræðileg fegurð var að minnsta kosti auðmerkjanleg í söng þeirra Sigrúnar Pálmadóttur sópran, Hönnu Dóru Sturludóttur mezzó-sópran og Odds Arnþórs Jónssonar barítón. Einnig í pianóleik Guðrúnar Dalíu Salómonsdóttur. Laglínurnar voru smekklega mótaðar, raddirnar himneskar, pianóleikurinn tær og í þrýðilegu jafnvægi, bæði innbyrðis og í takt við söngradirnar. Þetta var frábært.

Meira hneyksli var á dagskránni. Óperuna *Rigoletto* eftir Verdi varð að ritskoda áður en hún taldist gjaldgeng, eins og Gissur Páll Gissurarson tenór rakti fyrir hláturmildum áheyrendum. Ekki þótti við hæfi að aðallinn, hvað þá kongurinn, væri sýndur í vafasömu ljósi. Óperan var byggð á leikriti eftir Vic-



Kristinn Sigmundsson söng á bráðskemmtilegum tónleikum í Hafnarborg.

”

Laglínurnar voru smekklega mótaðar, raddirnar himneskar, pianóleikurinn tær og í þrýðilegu jafnvægi.

tor Hugo sem fjallar um hinn fjölþreifna konung Francis I. Leikritið var bannað, en með strangri ritskoduun mátti semja við það óperu. Gissur Páll sagði á undan kvartettinum *Bella figlia dell'amore* að hægt væri að greina þar kynferðislegan takt. Fyrir bragðið tókst honum að eyðileggja upplifunina, því maður heyrði náttúrulega ekkert annað.

Desíbel við hættumörkin Í alvöru talað þá voru þetta bráðskemmtilegir tónleikar. Eitt magn-

aðasta atriðið var sérlega langur og efnismikill dúett úr Don Carlo eftir Verdi. Hann var í höndunum á Kristni Sigmundssyni bassa og Oddi Arnþóri. Mikið drama var í frásögninni og hápunktarnir brjálæðislegir. Pianóleikurinn var líka pottþéttur, en Guðrún Dalía klikkaði ekki hér frekar en annars staðar. Leikur hennar var liflegur og fjölbreyttur, einkar litríkur og spennandi, en aldrei á kostnað nákvæmninnar.

Ég sagði frá því í dómi nýlega að ég væri með app í úrinu mínu sem mældi hljóðstyrk. Lokaatriðið á tónleikunum var sextettinn úr Lucia di Lammermoor eftir Donizetti. Þar bættist Alexander Jarl Þorsteinsson tenór í hópinn. Sungið var með þrumuraust. Ég sat heldur aftarlega, en þrátt fyrir það var appið alltaf að vara mig við. Hættulegt heyrninni væri að vera lengi í þessum hljóðstyrk, sem var yfir 90 desíbel. Guðni forseti sat á fremsta bekk; hann virtist vera föllur á svipinn. ■

NIDURSTAÐA: Bráðskemmtilegir tónleikar með flottri tónlist og dásamlegum söng.

ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI

10-60% AFSLÁTTUR

Lin DESIGN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

Hrafnhildur segir frá Nínu

kolbrunb@frettabladid.is

Hrafnhildur Schram listfræðingur ræðir um Nínu Sæmundsson myndhöggvara (1892–1965) að Kvoslæk í Fljótshlíð, laugardaginn 17. júlí kl. 15.00.

Nína fæddist í Nikulásarhúsum, skammt austan við Hlíðarenda í Fljótshlíð. Þar er nú Nínulundur til minningar um hana, fyrstu íslensku konuna sem helgaði sig höggmyndalist.

Á liðnum vetri veitti ríkisstjórn Íslands félaginu Afrekshugur fjórar milljónir króna í styrk til að láta gera afsteypu af verki Nínu, Afrekshug, Spirit of Achievement, táknmynd Waldorf Astoria hótelsins í New York síðan 1931. Verður afsteypan reist á Hvolsvelli.

Hrafnhildur Schram ritaði ævisögu Nínu sem *Crymogea* gaf út árið 2015. ■



Listakonan Nína Sæmundsson við vinnu sína. Hrafnhildur Schram, sem skrifaði um hana bók, segir frá henni á laugardag í Fljótshlíð.



9 líf

Bubbi Morthens
Söngleikur

Aukasýningar komnar í sölu

Aukasýningar á söngleiknum
Níu líf eru loksins komnar í sölu.
Yfir 16.000 seldir miðar. Tryggðu
þér sæti á ógleymanlega upplifun.
Sjáumst í leikhúsinu!

EXTRA



VINSÆL VARA

419 kr.pk.

SS Vínarpylsur 5 stk



VINSÆL VARA

219 kr.pk.

Myllu Pylsubrauð 5 stk 260 g



VINSÆL VARA

1599 | 80 kr.pr.stk

kr.kassinn.

Coke/Coke án sykurs 20x330 ml

BARÓNSTÍGUR **8-24**

KEFLAVÍK OG AKUREYRI

24/7



WWW.EXTRA.IS

DAGSKRÁ

15. júlí 2021 FIMMTUDAGUR

Fimmtudagur

Hringbraut

- 18.00 Saga og samfélag (e)** Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
- 18.30 Fréttavaktin úrval** Helstu fréttir vikunnar með Margræti Erlu Maack.
- 19.00 Mannamál - Svala Björgevinsdóttir (e)** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekktu einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 19.30 Suðurnesja-magasín Vikurfrétt (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 20.00 Sir Arnar Gauti (e)** Lífsstillsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
- 20.30 Fréttavaktin úrval** Helstu fréttir vikunnar með Margræti Erlu Maack.

RÚV Sjónvarp

- 11.00 Heimaleikfimi**
- 11.10 Sumarlandabrot**
- 11.15 Hið sæta sumarlíf**
- 11.45 Sægreifinn**
- 12.35 Útúrdúr** Tilfinningar og tónminni
- 13.20 Fólkið í landinu** Petra Sveinsdóttir
- 13.40 Faðir, móðir og börn**
- 14.10 Út og suður**
- 14.35 Grænmeti í sviðsljósinu**
- 14.50 Poppunktur 2010** Fjalla-bræður - Bjartmar og Bergisarnir
- 15.45 Lífsins lystisemdir**
- 16.15 Reimleikar**
- 16.40 Gestir og gjörningar** Sólon Íslandus
- 17.20 Íþróttgreinin mín - Sitjandi skiði**
- 17.50 Tákn málsfréttir**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Maturinn minn**
- 18.12 Undraverðar vélar**
- 18.26 Nýi skólinn**
- 18.38 Lúkas í mörgum myndum - Á bak við tjöldin**
- 18.46 Miðaldafréttir** Styttur
- 18.48 Nei sko! Jörðin**
- 18.50 Sumarlandabrot 2020**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.40 Sumarlandabrot**
- 19.45 Ólympíukvöld ÓL 1988**
- 20.15 Grænmeti í sviðsljósinu - Gröntsagsfjersyn**
- 20.35 Leigjendur óskast** Stath Lets Flats
- 21.00 Skuggaleg skógarferð** Picnic at Hanging Rock
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Glæpahneigð** Criminal Minds
- 23.05 Framúrskarandi vinkona.** Saga af nýju ættarnafni My Brilliant Friend. The Story of a New Name
- 00.00** Dagskrárlök

Stöð 2 Golf

- 05.30 The Open Championship** Bein útsending frá Opna breska meistaramótinu.
- 19.00 PGA Special.** The John Shippen
- 19.30 LPGA Tour** Bein útsending frá Dow Great Lakes Bay Invitational.
- 22.30 LET Tour 2021 - Highlights**
- 23.15 Jóhanna á opna breska**

Sjónvarp Símans

- 06.00 Síminn + Spotify**
- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 15.05 90210**
- 16.50 The King of Queens**
- 17.10 Everybody Loves Raymond**
- 17.35 Dr. Phil**
- 18.20 The Late Late Show**
- 19.05 The Block**
- 20.10 Kokkafلاك**
- 20.45 Hver ertu?**
- 21.15 Venjulegt fólk**
- 21.45 Systrabönd**
- 22.30 Love Island**
- 23.20 The Royals**
- 00.05 The Late Late Show**
- 00.50 Ray Donovan**
- 01.40 Love Island**
- 02.35 Skandall**
- 03.20 Yellowstone**
- 04.05 Gangs of London**
- 04.30 Love Island**
- 05.20 Síminn + Spotify**

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Píano góðsagnir 3. þáttur - Glenn Gould**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Á reki með KK**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Sumarmál. Fyrri hluti**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Það sem skiptir máli**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegisfréttir og seinni hluti**
- 13.00 Dánarfregnir**
- 13.02 Sumarmál. Seinni hluti**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Söngvamála Gullörn og bláfugl**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Flakk - Flakk um Hamraborg í Kópavogi**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Tengivagninn**
- 17.00 Fréttir**
- 18.00 Kvöldfréttir**
- 18.10 Brot úr Morgunvaktinni**
- 18.30 Hljómboxið** Ljónaöskur mætir Mjálmurunum
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Sumartónleikar** Lise de la Salle á Liszt-tónlistarháttíðinni
- 20.30 Þættir úr sögu tvífarans**
- 21.10 Íslendingasögur** Tumi Tómasson
- 21.40 Kvöldsgagan. Sögukaflar af sjálfum mér (13 af 23)**
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Sumarmál. Fyrri hluti**
- 23.05 Sumarmál. Seinni hluti**
- 00.00 Fréttir**
- 00.05 Næturútlit Rásar 1**

Stöð 2 Bíó

- 10.05 Scooby-Doo! and the Curse of the 13th Ghost**
- 11.25 Head Full of Honey**
- 13.30 About Time**
- 15.30 Scooby-Doo! and the Curse of the 13th Ghost**
- 16.50 Head Full of Honey**
- 18.55 About Time**
- 21.00 Valerian and the City of a Thousand Planets**
- 23.10 Birds of Prey**
- 00.55 Beautiful Boy**
- 02.55 Valerian and the City of a Thousand Planets**

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.20 The Mentalist**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 The Good Doctor**
- 10.05 Gilmore Girls**
- 10.50 Ísbiltúr með mömmu**
- 11.15 Friends**
- 11.35 Nettir kettir**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 God Friended Me**
- 13.35 Lodgers For Codgers**
- 14.20 Shipwrecked**
- 15.10 Temptation Island**
- 15.55 Making It**
- 16.40 Keeping Faith**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 Sportpakinn**
- 18.50 Hell's Kitchen**
- 19.35 The Titan Games**
- 20.20 Timber Creek Lodge**
- 21.05 NCIS. New Orleans**
- 21.50 A Black Lady Sketch Show**
- 22.20 War of the Worlds** Dularfullur og spennandi þættir frá 2019 sem byggðir eru á samnefndri bók H. G. Wells og í anda Walking Dead þátanna. Eftir að geimverur hafa gert innrás á jörðina þurfa þeir sem eftir eru að taka höndum saman til þess að lifa af.
- 23.10 Prodigal Son**
- 23.55 Bancroft** Önnur þáttaröð þessara hörkuspennandi bresku þátta um yfirannsóknarlögreglukonuna Elizabeth Bancroft.
- 00.40 The Mentalist**
- 01.20 The Good Doctor**
- 02.05 Gilmore Girls** Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory.
- 02.45 Friends**
- 03.10 God Friended Me**
- 03.45 Shipwrecked** Geggjaðir raunveruleikarættir í anda Survivor og Love Island þar sem við fylgjumst með tveimur liðum ungra strandaglópa á paradísareyju í Suður-Kýrrahafinu.

Stöð 2 Sport

- 09.00 Afturelding - ÍBV** Útsending frá leik í Olís deild karla.
- 10.15 Grötta - Fram**
- 11.30 Haukar - Selfoss**
- 12.55 Seinni bylgjan - karla**
- 14.25 Haukar - ÍBV** Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
- 15.40 Seinni bylgjan - kvenna**
- 16.55 KR - Keflavík** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
- 18.35 Þór Þ. - Höttur** Útsending frá leik í Dominos deild karla.
- 20.00 Pepsi Max Mörkin**
- 21.00 Keflavík - Tindastóll** Útsending frá leik í Dominos deild karla.
- 22.30 Stjarnan - ÍR**
- 00.00 Dominos** Korfuboltakvöld

Stöð 2 Sport 2

- 08.00 Spánn - Svíþjóð**
- 09.40 Ungverjaland - Portúgal**
- 11.20 Frakkland - Þýskaland**
- 13.05 Swansea - Norwich**
- 14.45 Manchester United - Real Sociedad**
- 16.25 Inter - Real Madrid**
- 18.05 Milwaukee Bucks - Phoenix Suns**
- 19.55 Bayern - Inter**
- 21.30 Finnland - Rússland**
- 23.20 Shakhtar Donetsk - Real Madrid**



THE OPEN[®]

15. - 18. JÚLÍ



Tryggðu þér áskrift á stod2.is

ÚTSALA • ÚTSALA



Viðarvörn og pallaolía

25% afsláttur



ÚTSALA • ÚTSALA

25%

NEXGRILL
Gasgrill DeLuxe 4B
Grillflötur: 68,08x43,82 cm,
4 brennarar. 3002021

89.990 kr
~~119.990 kr~~



20,36 kW



15%

Broil King
Gasgrill Gem 310
Grillflötur: 55x37 cm, 3 brennarar,
grillgrind í hliðarborð. 3000613

42.495 kr
~~49.995 kr~~

ÚTSALA • ÚTSALA

30%



Borvél + 100 fylgihlutir
Rafhlaða 1.5Ah Li-ion, 2 stk., hersla
2,5Nm, 10 mm patróna. 5245566

14.995 kr
~~21.495 kr~~



ÚTSALA • ÚTSALA

Fyrir íslenska veðráttu



Útimálning

25% afsláttur



ÚTSALA • ÚTSALA



Sláttuvél
Razor 461
Bensínmotor
139cc/2,3kW,
sláttubreidd 46 cm,
6 hæðarstillingar
28-75 mm, 65 ltr. safnari. 5085301

37.496 kr
~~49.995 kr~~



25%

ÚTSALA • ÚTSALA



Sláttuvél
Bensínsláttuvél,
B&S motor 2,6kW,
140 cm³, sláttubreidd
46 cm, 7 hæðar-
stillingar 30-80 mm, 60 ltr. 5085156

82.313 kr
~~109.750 kr~~



25%

25-50% afsláttur af sumarblómum, trjáplöntum og runnum

ÚTSALA • ÚTSALA

Stjúpur
á frábæru verði



50%

Stjúpur 10 stk.
1.145 kr
~~2.290 kr~~

ÚTSALA • ÚTSALA

30%

Margarita

1.599 kr
~~2.290 kr~~



ÚTSALA • ÚTSALA

40%

Lobelia

1.490 kr
~~2.490 kr~~



ÚTSALA • ÚTSALA

50%

Sýrena

2.745 kr
~~5.490 kr~~



ÚTSALA • ÚTSALA

25%

Sólboði

1.490 kr
~~1.990 kr~~



Sumarblóm **25-50%** • Trjáplöntur og runnar **25-50%** • Útipottar **25%** • Nexgrill gasgrill **25%** • Matjurtir **50%**
Vökvunarkönnur **25%** • Garðhúsgögn **25%** • Keðjusagir **25%** • Bensínsláttuvélar **25%** • Orf og hekkklippu
Stanley loftpressur **20%** • Frystikistur (Frígor) **15%** • Slönguhjól (Claber) **30%** • LADY innimálning **20%** • Viðarvörn
Matarstell, glös og könnur **30%** • Hreinlætisvörur **20%** • Bökunarvörur **30%** • Pottar, pönnur og hitakönnur
Vinnuöryggisvara (hjálmar, grímur o.fl.) **20%** • Gúmmístígvél og gúmmískór **25%** • Öryggiskór og öryggisstígvél **20%**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



RISA
útsölublað

husa.is

Vefverslun
Sendum
um land allt



husa.is



blómaval



HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

ÚTSALA

Allt að **50%** afsláttur

• Útipottar og svalakassar **25%** • Fjölarar plöntur **30%** • Kryddplöntur **25%** • Garðstyttur og garðskraut **25%**
• (lkra) **20%** • Hand- og rafmagnshekkklippur **25%** • Bensín- og rafmagnsorf **25%** • Greinakurlarar (lkra) **20%**
• og pallaolía **25%** • Útimálning **25%** • Hnífapör og ýmis eldhúsáhöld **30%** • Hnífar **30%** • Eldhúsáhöld **30%**
• **30%** • Regnföt **30%** • Vinnufatnaður **25%** • Barnabílstólar **30%** • Vinnuhanskar **20%** • Plastbox **25%**
• **30%** • Endurvinnslutunnur **25%** • Lofta- og veggjapanill **20%** • Leikföng **25%** • Enox rafmagnshjól **15%**

Bestu myndir
Richards Donner

Leikstjórinn Richard Donner var 91 árs þegar hann lést 5. júlí. Hann skilur eftir sig fjölbreytilegt höfundarverk þar sem leynast nokkrar sígildar perlar en þessar hljóta að teljast þær allra bestu.

**1 The Goonies (1985)**

Ekki dugir að deila við dómstól götunnar sem hefur úrskurðað þessa dádustu mynd Donners sem hans bestu. X-kynslóðin elskar hana og hún snarvirkar einnig hjá síðari kynslóðum í samruna fjársjóðsleitarævintýris og unglingsþroskasögu.

2 Superman: The Movie (1978)

Löngu áður en ofurhetjummyndir urðu allsráðandi tókst Donner að telja áhorfendum trú um að maður gæti flogið. 43 árum síðar er Superman enn langbesta bíómyndin um Ofurmennið. Þökk sé næmni og hárfínu skopskyni leikstjórans og heilbrigðum hetjusjarma Christopher Reeve.

3 The Omen (1976)

Áttundi áratugurinn var gjöfull þegar hryllingsmyndir eru annars vegar og í þeirri deild hlýtur frumraun Donners, The Omen, að tróna á toppnum með The Exorcist.

**4 Lethal Weapon (1987)**

Þessi er hvorki meira né minna en besta hasarmynd hins sprúðlandi fjóruga níunda áratugar. Um það þarf ekki að deila. Donner endurskilgreinir þarna löggufélagsklisjuna með hjálp Mel Gibson og Danny Glover í toppformi. ■

Konur fylkja liði og frelsismerki bera

KVIKMYNDIR

Black Widow

★★★★

Leikstjórn: Cate Shortland
Aðalhlutverk: Scarlett Johansson, Florence Pugh, David Harbour, Rachel Weisz, Ray Winstone

Pórarinn Þórarinnsson

Rússneski njósnaarinn Natasha Romanoff, Svarta ekkjan, var kynnt til sögunnar í Marvel-myndasögunum 1964 og þá sem skæður andstæðingur ofurhetjunnar Iron Man, sem aftur opnaði henni leið inn í kvikmyndaheim Marvel 2010, þegar Scarlett Johansson sást fyrst í hlutverki hennar í Iron Man 2.

Natasha er eitursvöl og Scarlett hefur gert henni ferlega töff skil, þannig að aðdáendur hennar og Marvel hafa í raun beðið í um áratug eftir að hún fái að njóta sín til fulls í sinni eigin mynd.

Seint koma sumar ...

Black Widow er nú loksins komin þar sem ekki er nóg með að sjálfstæðrar myndar um hana hafi lengi verið beðið, þar sem hún er einnig fjórtán mánuðum á eftir áætlun og ef Covid hefði ekki verið að þvælast fyrir hefði frumsýningin verið í maí í fyrra.

Tíminn hefur þannig ekki beinlínis unnið með Black Widow auk þess sem allir sem hafa séð Avengers: Endgame, vita að framtíð Natöshu er ekki sérlega björt.

Ekki verður þó af Marvel tekið að með Black Widow er persónunni sýndur verðskuldaður sómi og merkilega vel tekst að skapa persónunni, sem á framtíðina ekki fyrir sér, býsna áhugaverða og spennandi fortíð.

Þetta hefði bara mátt vera aðeins fyrr og markvissara þar sem eftir ellefu ára bið eftir sinni eigin mynd stendur Natasha Romanoff uppi í skugganum af flottari og skemmtilegri aukapersónum í dálítið ringludum bræðingi Bond- og Marvel-myndar. Þannig að þrátt fyrir hasar, fjör og merkilega miklar tilfinningar, finnst manni eitthvað vanta. Án þess kannski að átta sig nákvæmlega á hvað það er.

Myndin gerist á milli atburða Captain America: Civil War og Avengers: Infinity War og hefði sjálfsgaft haft meiri vigt ef hún hefði komið strax í kjölfar Civil War frá 2016.



Svalar eru systur. Scarlett Johansson er grjóthörð eins og vera ber í hlutverki Natöshu Romanoff, en þarf að hafa sig alla við þar sem Florence Pugh er hreint út sagt æðisleg sem litla systir Yelena. **MYNDIR/MARVEL STUDIOS**

Á mörkum Marvel og Bonds

Hér segir frá heilmikilli dramatík og háska sem á daga Natöshu drifa á meðan hún er á flotta undan yfirvöldum, sem hluti af útlagahópi Hefnendanna. Henni auðnast ekki að fara lengi huldu höfði í Noregi þar sem henni berst dularfullur pakki frá löngu horfni, ættleiddri litlu systur sinni.

Ill öfl ásælast greinilega þann varning og Black Widow er mjög svo skyndilega komin í ásandi eltingaleik heimshorna á milli, eins og hún hafi stokkið úr hefðbundinni Marvel-mynd yfir í James Bond-myndina Moonraker.

Black Widow byrjar af miklum krafti með átakanlegum og spennandi flotta Natöshu og samsettri sovétnjósnaafjölskyldu hennar frá Bandaríkjunum til Kúbu, þar sem illmennið Dreykov tekur á móti þeim. Sótrafurinn sá leysir fjölskylduna upp og finnur Natöshu og barnungri systur hennar stað í sturlaðri áætlun sem kennd er við Rauða herbergið og gengur út á að heilapvo stúlkubörn og breyta í kaldrifjafa atvinnumorðingja.

Síðan tekur við mátulega kjánaleg saga sem hverfist um innihald þakans dularfulla, uppgjör snarbæklaðrar fjölskyldu og herskara heilapveginna morðkvenda. Þannig að sterkar vísanir í hina bjánalegu Bond-mynd Moonraker eru ekki

gripnar úr tómu gufuhvolfinu.

Þegar myndin nær hæsta flugi keyrir hún frekar á persónunum heldur en þreytandi og fyrirsjáanlegum sprengjuhasar, sem kemur inn á milli í of stórum skömmtum. Persónugallerið er síðan svo öflugt og skemmtilegt að Natasha og Scarlett Johansson þurfa að taka á öllu sínu til þess að sýna og sanna að Svarta ekkjan sé flottust og klárust í þessu dæmi öllu.

Þarna munar mest um þá frábæru og sívaxandi leikkonu Florence Pugh í hlutverki litlu systurinnar Yelena Belova. Hún er gersamlega ómótstæðileg og nokkrum númerum of svöl sem færasti barnungi morðingi í heimi, eins og stoltur stjúpfaðirinn kys að orða það.

Áfram stelpur

Yelena er ógeðslega klár, kaldhæðin, banvæn og kjaftfor og leggur myndinni til vel rúmlega helminginn af þeim slagkrafti sem hún þrátt fyrir allt býr yfir. David Harbour keyrir síðan upp húnörinn og innihaldslást karlmenskugrobbið sem Red Guardian, hið heillum horfna andsvar Sovétríkjanna við Captain America.

Þótt stelpukrafturinn sem myndinni er greinilega ætlað að bera með sér sé full klisjukendur til þess að ná almennilegum þunga,



David Harbour heldur gríninu gangandi sem föðurmyndin og tilvistarkreppi karlinn Alexei, svar Sovétsins við Captain America.

skila þær virkjanatilraunir sér í grófastu og ofbeldisfyllstu Marvel-myndinni til þessa, þar sem stelpurnar hika meðal annars ekki við að ræða legnám og umráðaréttinn yfir eigin líkama svo tæpitungulaust að sjálfsgaft mun einhverjum 20. aldar teprum verða um og ó. ■

NIDURSTADA: Þreytandi sprengingar og stöðluð átök taka full mikið pláss á kostnað skemmtilegra persóna. Marvel-maskínan hefur þó ekki enn slegið alvarlegt feilpúst og Black Widow stendur fyrir sínu þótt hún sé svo brokkgeng og lausbeisluð að hún getur ekki talist með þeim bestu í þessum rúmlega tuttugu mynda báki.



SÆKTU NÝJA APPIÐ!



Í LOFTINU

VEISTU HVER ÉG VAR?

LAUGARDAGA 16:00-18:30

BYLGJAN
989

Ný verslun

**Okkur vantar
starfsfólk
í nýja verslun okkar
sem opnar
í lok ágúst.**

Fullt starf · Helgarvinna
**Okkur vantar starfsfólk í fullt
starf og einnig í helgarvinnu.**

Við leitum að fagurkerum sem hafa reynslu af afgreiðslustörfum, ríka þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, eru skipulagðir, sjálfstæðir og metnaðarfullir í vinnubrögðum.

**Vinsamlega sendið umsókn með starfsferilskrá
og upplýsingum um meðmælendur fyrir 20. júlí
til elisabet@epal.is**



Skeifan 6
Kringlan
Laugavegur 70
5687733
www.epal.is

STÆRRI PIZZUR

LÆGRA VERÐ



SPAÐINN
Fjarðargata 11 · Dalvegur 32b



Sigurgeir Orri með dóttur sína, Freydisi Heiði, í sólinni á Laguna Beach heima í Bandaríkjunum, þar sem hann verður seint þjakaður af skorti á sönnum og hryllilegum sakamálum.

MYND/ADSEND

Sigurgeir rýnir í líkfundinn á hótélherbergi númer 348

Sigurgeir Orri Sigurgeirsson hefur ekki slíka innsýn í mannlegt eðli að hann geti útskýrt áhuga sinn á sönnum sakamálum, en hann hefur loks látið eftir sér að safna nokkrum slíkum saman á bók þar sem líkið á hótélherbergi 348 ber einna hæst.

toti@frettabladid.is

Morð, fjárkúgun, mannrán, fjársvik og hneyksli innan kaþólsku kirkjunnar, koma við sögu í bókinni *Sönn erlend sakamál – Líkið í herbergi 348* og fimm aðrar sögur.

Sigurgeir Orri Sigurgeirsson safnaði sögunum saman, drifinn áfram af djúpstæðum áhuga á sönnum sakamálum. Flestir glæpirnir í bókinni voru framdir í Bandaríkjunum, þar sem Sigurgeir býr, en sum málin rötuðu í fréttir á Íslandi á meðan önnur voru leyst í kyrrþey.

„Löngunin til að taka saman og gefa út sannar, erlendar glæpasögur á Íslandi hefur lengi blundað í mér,“ segir Sigurgeir, sem hófst handa fyrir nokkrum árum og fékk í framhaldinu Jónas, bróður sinn og útgefanda hjá Bókafélaginu, til liðs við sig.

„Fyrir nokkrum árum las ég einkar áhugaverðar greinar um ráðgátur sem einkaspæjara tókst að leysa á snjallan hátt. Ég skrifaði þær upp á íslensku eftir lögmálum sem ég tel miklu skipta í framsetningu á slíkum sögum og sendi Jónasi með þeim ummælum að við ættum ef til vill að gefa út bók með sögum af þessu tagi.“

Margbrotið, mannlegt eðli

Sigurgeir bætir við að bróðir hans og aðrir sem lásu hafi hrifist af sögunum. „Annir og annað slugs kom þó í veg fyrir að nokkuð yrði úr útgáfunni og það var ekki fyrr en í byrjun þessa árs að við gáfum okkur loks tíma til að koma þessu á koppinn.“

Sigurgeir segist aðspurður ekki kunna skýringar á því hvað það er sem laðar hann að sögum af raunverulegum glæpum. „Ég hef ekki næga innsýn í mannseðlið til að átta mig á hvers vegna ég er aðdáandi sannra glæpasagna.“ Hann viti þó að slíkar sögur veiti innsýn í þætti í fari fólks sem eru í senn framandi og kunnuglegir.

„Framandi vegna þess að söguhetjurnar taka upp á hlutum sem eru svo furðulegir að undrun



Frásögnin af líkinu í herbergi 348 er ein sex sannra sakamála í bókinni.

MYND/BÓKAFÉLAGIÐ

vekur að nokkur skuli láta sér detta slíkt í hug, hvað þá hrinda í framkvæmd. Það sem gerir þetta kunnuglegt er að svatirnar sem liggja að baki eru að sumu leyti sammannlegar og skiljanlegar,“ heldur Sigurgeir áfram og nefnir til dæmis ást og afbrýðisemi, ágirnd, ofbeldishneigð og dramb.

Raunveruleikinn lýgur ekki

„Réttlætiskennend er enn fremur snar þáttur í áhuga mínum á sönnum glæpasögum. Glæpur, sem setur samfélagið í uppnám, er frammín. Lögreglan rannsakar málið og hefur eftir ýmsar vendingar hendur í hári vargsins. Réttlætið nær fram að ganga.“

Sigurgeir nefnir í þessu sambandi söguna Hlífiskjöldur kirkjunnar, sem hverfist um kaþólskan prest og fegurðardrottningu frá Texas. „Þessi saga í bókinni er einmitt um þrautgöngu réttlætisins uns það nær loks fram að ganga, áratugum eftir að glæpurinn var frammín. Sannar sögur eru stundum svo skringilegar að ef glæpasagnaskáld nýttu slíka atburðarás í verkum sínum yrði hún dæmd ótrúverðug og langsótt. En raunveruleikinn lýgur ekki.“

Sigurgeir segir aðspurður að ráðgátur séu eftirlæti hans, ekki síst ef klókur einkaspæjari leysir þær með eftirminnilegum hætti. „Tvær sögur í bókinni eru um sama heilandi, en þó óheflaða, einkaspæjarann: Stúlkan sem hvarf af hótelinu og Líkið í herbergi 348.“

Hótélráðgátur

Siðarnefnda sagan er um mál þar sem lík manns fannst á hótélherbergi án nokkurra ummerkja um átök eða annað. Engu að síður leiddi



Ég hef ekki næga innsýn í mannseðlið til að átta mig á hvers vegna ég er aðdáandi sannra glæpasagna.

krufning í ljós að honum hefði verið misþyrmt svo illilega að bani hlaut af.“

Rannsókn málsins hefði ekkert miðað áfram fyrr en ekkja hins myrta hafði samband við einkaspæjarann. „Þá fyrst fóru hjólin að rúlla. Hin sagan er af sama meidi. Ung kona finnst nær dauða en lífi í vegarkanti eftir að hafa verið nauðg- að og misþyrmt.“

Spurningin var: Hvernig í ósköpunum endaði hún þarna í vegarkantinum? Fullkomnar öryggismyndavélar hótelsins sem hún bjó á námu hana aldrei yfirgefa hótelið. Málið vakti margar spurningar, ekki síst þar sem minni fórnarlambins um hvað gerst hafði var brotkennt í meira lagi.“

Draumur Ponzis

Sigurgeir segir ráðgátur, þar sem glæpamaðurinn er nátengdur rannsókninni, einnig í miklu upphaldi hjá sér. „Ein saga í bókinni er þess eðlis, en ég ætla ekki að gefa upp hvaða saga það er, vegna þess að ég vil ekki skemma fyrir væntanlegum lesendum.“

Ævintýramennska er einnig fremur heilandi, sérstaklega ef hún fer langt út af sporinu. Sagan af Charles Ponzi er þannig saga. Hann er frægur að endemum fyrir svindl sem gekk út á að lofa himinháum vöxtum af fjárfestingum og borga svo Péttri með fjárfestingu Páls og svo framvegis uns í óefni var komið.

Charles Ponzi var í raun besta skinn inn við beinið, en var drifinn áfram af löngun til skapa sér og eiginkonunni ríkidæmi og stytti sér leið að því markmiði með fjármálavafstri sem var ekki svo galíð í upphafi.“ ■

BYKO

allt að
50%
 afsláttur!

SUMAR ÚTSALA

Sjá fleiri tilboð á byko.is



20%

Tilboðsverð

Ferðagasgrill

Ferðagasgrill svart 2,93kw.

19.995

50632100

Almennt verð: 24.995

Pú sparar:

5.000

RYOBI

ONE+

x0



41%

Tilboðsverð

Sláttuorf

30 cm 18v án rafhlöðu.

14.295

7133002813

Almennt verð: 24.295

Pú sparar:

10.000

Einhell

BRIGGS & STRATTON

Tilboðsverð

Sláttuvél

Sláttuvél gc-pm 46 B&S 1,65kw.
50L safnpoki.

54.995


748300654

Almennt verð: 79.995

Pú sparar:

25.000

31%



RYOBI

ONE+

x1



39%

Tilboðsverð

Sláttuorf

Hybrid + 18v 2,0ah

30.895

7133003710

Almennt verð: 50.895

Pú sparar:

20.000

RYOBI

Tilboðsverð

Sláttuvél

Sláttuvél með 175cc OHC mótör,
46cm sláttubreidd og drifi.
55L safnpoki fylgir með.

94.995

7133003671

Almennt verð: 129.995

Pú sparar:

35.000

27%



25%

Broil King

Kilovött

Brennarar

8,8

3

Tilboðsverð

Gasgrill

Royal S310 með þremur ryðfríum Dual-Tube™ brennum og postulínshúðuðum grillgrindum sem hægt er að snúa við. Grillflötur er 37,5x55cm

59.995

50657513

Almennt verð: 79.995

Pú sparar:

20.000

Tilboðsverð

Hekklippur

18V One+ 60 cm HP án rafhlöðu.

27.995

7133004906

Almennt verð: 42.995

35%

RYOBI

ONE+

Pú sparar:

15.000



BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Verslaðu á netinu á byko.is

550 5000

RITSTJÓRN
ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGAÐEILD
auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN
Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Stefáns Ingvars
Vigfússonar



Fimm ár

Hlaðvarpið hans Malcolm Gladwell kemur út á sumrin. Það er uppáhaldshlaðvarpið mitt. Sjötta sería byrjaði í síðasta mánuði, fyrsta byrjaði 2016 – það eru fimm sumur frá því að ég hlustaði á fyrsta þátt. Fimm ár. Það þýðir að það eru tæplega fimm ár frá því að ég varð edrú og kynntist Hófi, kærustunni minni. Fimm ár frá því að ég var í Listaháskólanum og vissi nákvæmlega hvert líf mitt stefndi og hvernig ég átti að lifa því, vissi það svo vel að ég vissi líka hvernig fólkið í kringum mig átti að lifa sínu. Það þýðir að ég hafi þótt klár í matarboðum í fimm ár.

Fimm ár. Það þýðir að ég þurfi að ákveða hvort ég vilji fara út í mastersnám fyrir þritugt eða ekki. Að fólk geri til mín réttmætar kröfur og að ég verði aldrei framúrskarandi í neinu miðað við aldur, að mínar glæstustu vonir séu að teljast hæfur. Að næst þegar heimilislæknirinn minn segir mér að borða betur og hreyfa mig meira þurfi ég kannski að hlusta. Það þýðir að það sé ekki lengur sjarmerandi þegar ég orðinn blankur um miðjan mánuð, að ég þurfi að hrista af mér þá breyskleika sem há mér eða heilsa þeim, þeir eru ófrávíkjanlegur hluti af skapgerðinni minni. Fimm ár. Það þýðir að ég þurfi að ákveða hvort ég vilji vera pabbi unglings þegar ég er að slaga í fimmtugt, löngu aftengdur samfélagsmiðlum, stefnum og straumum í tónlist og tisku, þreyttur á hringrásinni.

Fimm ár. Það þýðir að ég hef byggt mér líf, ræktað sambönd, horft á eftir draumum og vinum, markað mér stefnu og vikið frá henni, bitið eitthvað í mig og skipt um skoðun. Fimm ár. ■

MatarKlipp Nova

Fjórar máltíðir á
5.990 kr.

Sæktu
Nova
Appið!

Skoraðu hungrið á hólmi!

Nældu þér í MatarKlipp í Nova Appinu. Þú færð fjórar máltíðir á 5.990 kr. og getur hámað í þig alls konar hamburgara, pizzur, pítur, bökur og vefjur af matseðli á ótal veitingastöðum!

Verði þér að bragðgóðu!

The advertisement features several smartphone screens displaying different food categories from the Nova app. Each screen has a red header with the category name and a photo of the food. Below the photo is the name of the restaurant and a brief description. A yellow circular logo with the text 'ÞÉR ST SKEMMTIÐ STADUR' is visible on each screen. In the background, there is a blue and white striped deck chair on a beach, and several orange basketballs with the 'NOVA' logo are scattered around.

- Saffran:** Allar bökur og vefjur af matseðli.
- Fabrikkan:** Hamborgarafabrikkan. Allir 130 g ungnauta-hamborgarar af matseðli.
- Pítan:** Allar pítumáltíðir af matseðli.
- Blackbox:** Allar pizzur af matseðli.
- American Style:** (Image of a burger)

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN
Í MEST LESNA
ATVINNUBLAÐI
LANDSINS!***

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

NOVA